

Ölgerðin Egill Skallagrímsson hf.

Ársreikningur samstæðu 2021 - 2022

Efnisyfirlit

bls.

Skýrsla stjórnar	3 - 4
Áritun óháðs endurskoðenda	5 - 6
Rekstrarreikningur samstæðu	7
Yfirlit um heildarafkomu samstæðu	7
Efnahagsreikningur samstæðu	8 - 9
Eiginfjárfirlit samstæðu	10
Sjóðstreymi samstæðu	11
Skýringar	12 - 31

Óendurskoðuð fylgiskjöl

Stjórnarháttayfirlýsing	32-34
Ófjárhagslegar upplýsingar	35-37

Ölgerðin Egill Skallagrímsson hf.

Kennitala 420369-7789

Griðthálsi 7-11, 110 Reykjavík

Skýrsla stjórnar

Meginstarfsemi samstæðunnar

Ölgerðin Egill Skallagrímsson hf. (Ölgerðin) er íslenskt hlutafélag og starfar í samræmi við lög um hlutafélög nr. 2/1995. Ölgerðin framleiðir, flytur inn, dreifir og selur drykkjavörur og matvæli um allt land. Áhersla er lögð á að vörur félagsins séu fyrsta flokks og að viðskiptavinir þess geti gengið að hágæða þjónustu vísri.

Ársreikningur samstæðunnar er í fyrsta skipti gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu (ESB) og lög um ársreikninga nr. 3/2006. Nánar er fjallað um upptöku IFRS í skýringu 2.21

Ársreikningurinn hefur að geyma samstæðureikning Ölgerðinnar Egill Skallagrímssonar hf. og dótturfélaganna Danól ehf. og G7-11 fasteignafélags ehf. Samstæðan skiptist í þrjá starfspætti; Egils óáfengt, Egils áfengt og Danól.

Fréttir úr starfseminni

Í maí 2021 undirritaði Danól ehf kaupsamning við Ásbjörn Ólafsson ehf um kaup á rekstri, lager, birgjasamböndum og viðskiptaupplýsingum í matvöru-, stóreldhúsa- og hreinlætisvöruhluta heildsverlunar Ásbjörns Ólafssonar ehf. Viðskiptin áttu sér stað þann 1. september 2021. Rekstrartekjur samstæðu Ölgerðarinnar vegna kaupanna munu hækka um yfir milljarð króna á ársgrundvelli samkvæmt áætlun félagsins.

Í september 2021 tók stjórn Ölgerðarinnar ákvörðun um að hefja undirbúning að skráningu félagsins á aðallista Kauphallar Íslands. Undirbúningur hefur staðið yfir og stefnt að skráningu um mánaðarmótin maí/júní 2022. Að þessu hefur verið stefnt síðan núverandi hluthafahópur kom að Ölgerðinni fyrir um 5 árum og mun skráning styðja við áframhaldandi vöxt félagsins. Á fjárhagsárinu voru gjaldfærðar 50 mkr vegna kostnaðar sem fylgir skráningunni og tengdum verkefnum s.s. áreiðanleikakönnunar og ytri ráðgjafar. Jafnframt hefur stjórn Ölgerðarinnar tekið ákvörðun um að afhenda öllum starfsmönnum í föstu starfi eignarhlut í Ölgerðinni í tengslum við skráninguna. Í ljósi þess var kostnaður að fjárhæð 170 mkr gjaldfærður meðal launa- og launatengdra gjalda.

Í lok fjárhagsársins var tekin í notkun ný fullkomin dósálin í nýrri viðbyggingu við Grjótháls 9. Með nýju línunni eykst framleiðslugeta, rekstraröryggi og sveigjanleiki í framleiðslu sem styður við enn meiri vöruþróun og nýsköpun. Framkvæmdin stóð í rúmlega 1,7 ma. kr. í lok fjárhagsársins og hefur verið fjármögnuð með 1,5 ma. kr úr rekstri og 200 mkr með lántöku. Á fjárhagsárinu 2022 er fyrirhugað að endurnýja gamlan framleiðslusal fyrir um 800 mkr.

Þann 14. mars 2022 barst Danól ehf. bréf frá Skattinum um fyrirhugaða endurákvörðun tollgæslu skattsins eins og nánar er útskýrt í skýringu nr. 22 á ársreikningnum. Fyrirhuguð endurákvörðun er vegna innflutnings á jurtaosti á árunum 2019 og 2020 og er m.a. vísað til dóms Landsréttar í máli nr. 462/2021 til stuðnings endurákvörðuninni. Fyrirhuguð álagning með álagi er færð til lækkunar á eigin fé Danól ehf. m.v. upphaf fjárhagsársins 2020-2021. Dráttarvextir vegna fyrirhugaðrar endurálagningar eru gjaldfærðir á fjárhagsárinu 2021-2022. Danól hefur mótmælt fyrirhugaðri endurálagningu með andmælabréfi til Skattsins.

Rekstur ársins 2021

Rekstrartekjur samstæðunnar námu 31,8 ma. kr. og hækkuðu um 22% frá fyrra ári og var góður vöxtur á öllum starfspáttum. Hjá Danól munaði mest um áhrif af viðskiptunum við Ásbjörn Ólafsson ehf sem komu inn á seinni 6 mánuðum fjárhagsársins. Að öðru leyti var vöxturinn drifinn áfram af vörunýjungum og aukinni eftirspurn í kjölfar tilslakanna á samkomutakmörkunum vegna Covid-19 heimsfaraldurs. Þrátt fyrir tilslakanir frá fyrra ári voru samt íþyngjandi samkomutakmarkanir í gildi stóran hluta af árinu sem hafði áhrif á reksturinn. Félagið hefur lagt sérstaklega til hliðar í niðurfærslusjóð viðskiptakrafna vegna Covid-19 þar sem áhrif faraldursins á greiðslugetu viðskiptavina gætu enn átt eftir að koma fram.

Hagnaður ársins nam 1,7 ma. kr og hækkaði um 978 mkr milli ára. Bætingu í rekstrarhagnaði (EBITDA) milli ára má rekja til þess að það tókst að halda vexti rekstrargjalda undir tekjuvextinum. Fjármagnsliðir og hlutdeildartekjur voru samtals 187 mkr hagstæðari en árið áður sem skýrir hluta af bætingu í hagnaði á milli ára.

Eigið fé Ölgerðarinnar var 7,6 ma. kr. í árslok og eiginfjárlutfallið 32,5%. Áhrif endurálagningar Skattsins hafði 227 mkr neikvæð áhrif á eigið fé í upphafi síðasta árs umfram það sem var gjaldfært í rekstri ársins 2021. Vaxtaberandi skuldir voru 8,9 ma. kr. og stóðu nokkurn veginn í stað á milli ára þrátt fyrir miklar fjárfestingar á árinu.

Á fjárhagsárinu voru meðal stöðugildi samstæðunnar 349 samanborið við 345 árið áður.

Í stjórn Ölgerðarinnar voru 40% konur og 60% karlar.

Hluthafar

Hluthafar voru 27 í upphafi og lok fjárhagsársins. Tíu stærstu hluthafar félagsins í lok fjárhagsárs voru:

Horn III slhf.	705.402	25,1%
Akur fjárfestingar slhf.	512.249	18,2%
OA eignarhaldsfélag hf.	451.947	16,1%
Sindrandi ehf.	396.567	14,1%
Reir ehf.	161.476	5,8%
Sjóvá-Almennar tryggingar hf.	142.885	5,1%
Vátryggingafélag Íslands hf.	69.917	2,5%
Landsbréf - Úrvalsbréf	62.284	2,2%
ISA ehf.	55.933	2,0%
EGG ehf.	55.933	2,0%
10 stærstu hluthafa samtals	2.614.593	93,1%
Aðrir hluthafar	192.372	6,90%
Hlutfé	2.806.965	100,0%

Stjórn Ölgerðinnar mun leggja til á aðalfundi að ekki verði greiddur út arður á árinu.

Stjórnarhættir

Ölgerðin fylgir „Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja“ sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland hf. og Samtökum atvinnulífsins en 6. útgáfa leiðbeininganna var gefin út 2021. Stjórn Ölgerðarinnar starfar eftir starfsreglum sem byggðar eru á umræddum leiðbeiningum. Upplýsingar um stjórn og stjórnarhætti er að finna í skýringu 23 „Stjórnarháttaryfirlýsing“. Á starfsárinu fékk Ölgerðin viðurkenningu sem „Fyrirmyndarfyrirtæki í stjórnarháttum“ en þá viðurkenningu hefur Ölgerðin fengið frá árinu 2015.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Ölgerðin hefur sett sér stefnu á sviði sjálfbærni og leggja stjórn og stjórnendur áherslu á að starfsemi félagsins sé í samræmi við stefnuna og vinna markvisst að umbótum á því sviði. Sjálfbærnivinna styður við þá framtíðarstefnu félagsins um að verða fyrsta val viðskiptavina og neytenda. Ölgerðin hefur skilgreint fjóra strauma til að ná fram framtíðarsýn sinni en þeir eru sjálfbærni, vöxtur, stafræn þróun og fjölbreytileiki. Stjórnendur trúa því að með þessum áherslum skapist aukið virði fyrir alla hagaðila og verðmætasköpun verði tryggð til framtíðar. Nánari upplýsingar um ófjárhagsleg atriði er að finna í skýringu 24 „Ófjárhagsleg upplýsingagjöf“.

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að samstæðuársreikningur Ölgerðarinnar gefi glögga mynd af rekstrarafkomu samstæðunnar á árinu 2021 - 2022 og eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hennar þann 28. febrúar 2022. Jafnframt er það álit okkar að samstæðuársreikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra geymi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar, stöðu í árslok og lýsi helstu áhættuþáttum sem samstæðan býr við.

Reykjavík, 28. apríl 2022.

Stjórn:

Forstjóri:

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Ölgerðarinnar Egill Skallagrímsson hf.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Ölgerðarinnar Egill Skallagrímsson hf. og dótturfélaga (samstæðan) fyrir árið 2021 - 2022, að undanskilinni skýrslu stjórnar.

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á tímabilinu 1. mars 2021 - 28. febrúar 2022, efnahag hennar 28. febrúar 2022 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. mars 2021 - 28. febrúar 2022, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðeigandi ákvæði í lögum um ársreikninga.

Samstæðuársreikningurinn innifelur

- Skýrslu stjórnar
- Rekstrarreikning samstæðu 1. mars 2021 - 28. febrúar 2022
- Efnahagsreikning samstæðu 28. febrúar 2022
- Eiginfjárfirlit samstæðu 28. febrúar 2022
- Sjóðstreymi samstæðu 1. mars 2021 - 28. febrúar 2022
- Skýringar, sem innifela helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Skýrsla stjórnar, stjórnarháttayfirlýsing og ófjárhagslegar upplýsingar eru undanskilin endurskoðun, sbr. kafla um aðrar upplýsingar.

Grundvöllur álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda.

Óhæði

Við erum óháð samstæðunni samkvæmt ákvæðum laga um endurskoðendur og endurskoðun og siðareglna sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi samstæðunnar. Við uppfyllum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar, þ.m.t. skýrsla stjórnar

Stjórn og forstjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru skýrsla stjórnar, stjórnarháttayfirlýsing og ófjárhagslegar upplýsingar sem lágu fyrir við áritun okkar.

Álit okkar á samstæðuársreikningnum nær ekki til annarra upplýsinga þ.m.t. skýrslu stjórnar og við staðfestum þær ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningi samstæðunnar ber okkur að yfirfara aðrar upplýsingar, þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær eru í verulegu ósamræmi við samstæðuársreikninginn eða skilning sem við höfum aflað við endurskoðunina eða ef svo virðist að verulegar rangfærslur séu í þeim. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Við höfum ekki greint atriði sem ber að greina sérstaklega frá.

Hvað varðar skýrslu stjórnar höfum við, í samræmi við ákvæði 104. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006, yfirfarið að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í samstæðuársreikningnum.

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á samstæðuársreikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðeigandi ákvæði í lögum um ársreikninga. Stjórn og forstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra anmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð samstæðuársreikningsins ber stjórnendum samstæðunnar að meta hæfi hennar til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning samstæðunnar á þeirri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætli að leysa samstæðuna upp eða hætta rekstri hennar, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi samstæðunnar. Stjórnendum samstæðunnar ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi hennar til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins.

Stjórn og endurskoðunarnefnd skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun samstæðuársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að samstæðuársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með álit okkar. Nægjanleg vissa er mikil vissa en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á samstæðuársreikningnum.

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir álit okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvísandi framsetningu samstæðuársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits samstæðunnar.

Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra séu raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi samstæðunnar eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi hennar. Ef við teljum að veruleg óvissa ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í samstæðuársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausum álitum. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að samstæðan verði ekki lengur rekstrarhæf.

Metum framsetningu, gerð og innihald samstæðuársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirliggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álit okkar.

Öflum nægjanlegra endurskoðunargagna vegna fjárhagsupplýsinga félaga og eininga innan samstæðunnar og gefum út álit á samstæðuársreikningnum. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, umsjón og framgangi endurskoðunar samstæðunnar. Við berum ábyrgð á álitum okkar.

Við upplýsum stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka í innra eftirliti ef við á.

Reykjavík, 28. apríl 2022.

PricewaterhouseCoopers ehf.

Kristinn Kristinsson
löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur samstæðu fyrir árið 2021-2022

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

	Skýringar	2021 - 2022	2020 - 2021
Rekstrartekjur			
Vörusala		31.840.535	26.154.365
Áfengis- og skilagjald		(8.895.079)	(7.517.142)
Vörusala nettó	4	<u>22.945.456</u>	<u>18.637.223</u>
Aðrar rekstrartekjur		45.895	50.799
		22.991.351	18.688.022
Rekstrargjöld	5		
Framleiðslukostnaður		13.344.776	11.218.352
Annar rekstrarkostnaður		<u>6.367.516</u>	<u>5.177.383</u>
		19.712.292	16.395.735
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA)		3.279.059	2.292.287
Afskriftir	6	(802.700)	(767.176)
Virðisrýmun	7	(17.736)	0
Rekstrarhagnaður		2.458.623	1.525.110
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Fjármunatekjur		34.678	34.369
Fjármagnsgjöld		(477.610)	(470.642)
Gengismunur		<u>36.172</u>	<u>(87.423)</u>
		(406.760)	(523.696)
Áhrif af rekstri hlutdeildarfélaganna	8	23.637	(47.386)
Hagnaður fyrir skatta		2.075.500	954.028
Tekjuskattur	14	(371.568)	(228.277)
Hagnaður tímabilsins		<u>1.703.932</u>	<u>725.751</u>
Hagnaður á hlut	12		
Hagnaður eigenda félagsins á útistandandi hlut		0,6352	0,2601
Þynntur hagnaður á útistandandi hlut		0,6151	0,2601

Yfirlit um heildarafkomu samstæðu fyrir árið 2021 - 2022

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

	Skýringar	2021 - 2022	2020 - 2021
Hagnaður tímabilsins		1.703.932	725.751
Þýðingarmunur vegna hlutdeildarfélaganna	8	2.387	88
Heildarafkoma ársins til eigenda félagsins		<u>1.706.319</u>	<u>725.839</u>

Efnahagsreikningur samstæðu 28. febrúar 2022

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

Eignir	Skýringar	28.02.2022	28.2.2021
Fastafjármunir			
Óefnislegar eignir	7	7.340.838	6.848.574
Varanlegir rekstrarfjármunir	6	9.523.128	8.148.998
Húsaleiguréttindi	21	153.629	161.691
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum	8	737.138	711.113
Kröfur á hlutdeildarfélög		69.020	64.943
Skuldabréf og áhættufjármunir		417.142	312.025
		<u>18.240.895</u>	<u>16.247.344</u>
Veltufjármunir			
Birgðir	9	2.364.878	1.729.378
Viðskiptakröfur	10	2.256.868	1.831.501
Aðrar skammtímakröfur		32.217	139.213
Handbært fé	11	658.974	690.751
		<u>5.312.937</u>	<u>4.390.843</u>
Eignir samtals		<u><u>23.553.832</u></u>	<u><u>20.638.187</u></u>

Efnahagsreikningur samstæðu 28. febrúar 2022

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

Eigið fé og skuldir	Skýringar	28.02.2022	28.2.2021
Eigið fé			
Hlutfé	12	2.806.965	2.806.965
Yfirverðsreikningur hlutafjár		1.105.058	1.105.058
Sérstakt endurmat		321.888	321.888
Aðrir liðir	12	1.389.818	780.060
Óráðstafað eigið fé		<u>2.026.238</u>	<u>920.528</u>
		<u>7.649.967</u>	<u>5.934.499</u>
Skuldir			
Langtímaskuldir og skuldbindingar:			
Skuldir við lánastofnanir	13	8.202.865	8.586.249
Húsaleiguskuldbinding	21	143.039	166.717
Tekjuskattskuldbinding	14	<u>1.942.412</u>	<u>1.815.110</u>
		10.288.316	10.568.076
Skammtímaskuldir:			
Skuldir við lánastofnanir		207.523	0
Næsta árs afborganir af langtímaskuldum og húsaleiguskuldb.	13, 21	471.186	451.465
Reiknaðir skattar ársins	14	236.034	144.431
Viðskiptaskuldir	15	2.306.859	1.862.918
Aðrar skammtímaskuldir	15	<u>2.393.946</u>	<u>1.676.798</u>
		5.615.549	4.135.612
Skuldir samtals		15.903.865	14.703.688
Eigið fé og skuldir samtals		<u>23.553.832</u>	<u>20.638.187</u>

Eiginfjárfirlit samstæðu fyrir árið 2021 - 2022

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

	Hlutafé	Yfirverðs- reikningur	Sérstakt endurmat	Aðrir liðir	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samtsals
Hreyfingar 2021 - 2022:						
Staða 1.3.2021	2.806.965	1.105.058	321.888	780.060	920.528	5.934.499
Kaupréttarsamningar	0	0	0	9.149	0	9.149
Þýðingarmunur	0	0	0	2.387	0	2.387
Hlutdeildartekjur	0	0	0	598.222	(598.222)	0
Hagnaður tímabilsins	0	0	0	0	1.703.932	1.703.932
Staða 28.2.2022	2.806.965	1.105.058	321.888	1.389.818	2.026.238	7.649.967
Hreyfingar 2020 - 2021:						
Staða 1.3.2020	2.796.962	1.085.052	321.888	529.221	672.540	5.405.663
Leiðrétt eigið fé 1.3.2020	0	0	0	0	(227.012)	(227.012)
Seld eigin bréf	10.003	20.006	0	0	0	30.009
Þýðingarmunur	0	0	0	88	0	88
Hlutdeildartekjur	0	0	0	250.751	(250.751)	0
Hagnaður tímabilsins	0	0	0	0	725.751	725.751
Staða 28.2.2021	2.806.965	1.105.058	321.888	780.060	920.528	5.934.499

Aðrir liðir

Ítarlegri upplýsingar um eigið fé samstæðunnar má finna í skýringu 12.

Einnig er fjallað frekar í skýringu 22 um leiðréttingu eigin fjár 1.3.2020 vegna Danól sem nemur 227 mkr.

Sjóðstreymi samstæðu fyrir árið 2021 - 2022

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

	Skýringar	2021 - 2022	2020 - 2021
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri			
Hagnaður tímabilsins		1.703.932	725.751
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Kaupréttarsamningar		9.149	0
Afkoma hlutdeildarféлага		(23.637)	47.386
Hagnaður af sölu á varanl. rekstrarfjármunum		(14.545)	(19.220)
Afskriftir og virðisrýmum		820.436	767.176
Breyting tekjuskattsskuldbindingar	14	127.302	75.612
Hreint veltufé frá rekstri		<u>2.622.637</u>	<u>1.596.705</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna og skulda:			
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	10	(318.368)	16.752
Birgðir	9	(635.500)	23.717
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	15	867.692	552.426
		<u>(86.175)</u>	<u>592.895</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>2.536.462</u>	<u>2.189.601</u>
Fjárfestingahreyfingar			
Seldir (keyptir) varanlegir rekstrarfjármunir	7	(2.140.913)	(676.784)
Keyptar óefnislegar eignir	7	(125.000)	0
Skuldabréf, breyting		(105.117)	23.490
Tengd félög, breyting	17	(4.077)	185.260
Fjárfesting í hlutdeildarfélagi	8	0	(242.335)
Seld eigin bréf		0	30.009
		<u>(2.375.108)</u>	<u>(680.360)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Skammtímalán, breyting		207.523	0
Ný langtímalán		76.921	59.324
Afborganir langtímalána	13	(460.542)	(1.041.834)
Afborgun húsaleiguskuldbindingar	21	(17.035)	(16.115)
		<u>(193.133)</u>	<u>(998.625)</u>
(Hækkun) lækkun á handbæru fé		<u>(31.778)</u>	<u>510.616</u>
Handbært fé í byrjun tímabilsins		690.751	180.134
Handbært fé í lok tímabilsins		<u><u>658.974</u></u>	<u><u>690.751</u></u>

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Ölgerðin Egill Skallagrímsson hf. (hér eftir Ölgerðin eða félagið) er hlutfélag og er megin starfsemi samstæðunnar fólgin í framleiðslu, sölu og markaðssetningu á sviði matvæla, drykkjarvara og tengdra vara. Samstæðuársreikningurinn fyrir árið 2021 - 2022 hefur að geyma ársreikning félagsins og dótturfélaga þess, sem vísað er til í heild sinni sem „samstæðunnar“ og til einstakra félaga sem „samstæðufélaga“.

Ölgerðin er með heimilisfesti á Íslandi. Skráð aðsetur samstæðunnar er að Grjóthálsi 7-11, 110 Reykjavík, Ísland.

2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

2.1 Ölgerðin Egill Skallagrímsson hf.

Ársreikningur samstæðu Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar hf. fyrir árið 2021 - 2022 er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu (ESB) og lög um ársreikninga nr. 3/2006.

Ársreikningurinn Ölgerðin Egill Skallagrímsson hf. fyrir reikningsskilaárið sem lauk 28. febrúar 2022 er sá fyrsti sem félagið hefur samið í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðlana IFRS. Fyrri ársreikningar voru gerðir samkvæmt íslensku ársreikningalögunum nr. 3/2006. Til samræmis við það hefur félagið útbúið ársreikninga sem eru í samræmi við IFRS sem gilda fyrir reikningsárið 2021 - 2022 ásamt samanburðartölum fyrir reikningsárið 2020 - 2021. Í skýringu 2.21 er farið yfir aðferðir og áhrif innleiðingar IFRS á samstæðuna.

Ársreikningurinn er birtur í íslenskum krónum (ISK), sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru í íslenskum krónum (ISK) og þúsundum króna.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum samstæðunnar samkvæmt alþjóðlegu reikningsskilastöðlunum IFRS.

2.2 Mat og ákvarðanir

Við gerð samstæðuársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga og alþjóðlega reikningsskilastaðla, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Þó svo að matið sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu. Sérstaklega er farið í upplýsingar sem nýttar eru til ákvörðunartöku varðandi nýtingartíma fastafjármuna sjá skýringu 6, niðurfærslu viðskiptakrafna sjá skýringu 10 og upplýsingar um veginn fjármagnskostnað má finna í skýringu 7. Virðisrýmum er skoðuð sérstaklega í skýringu 7.

Gangvirði kaupréttarsamninga við starfsmenn er metið á samningsdegi og verður gjaldfært meðal launa og launatengdra gjalda á því tímabili sem starfsmennirnir ávinna sér kauprétti. Mótfærsla verður á sérstakan lið meðal eigin fjár. Gangvirði kaupréttarsamninga er metið með Black-Scholes aðferðinni. Við matið eru notaðar forsendur um gengi hlutabréfa á matsdegi, gengi í kaupréttarsamningum, vænt flökt á gengi hlutabréfa, gildistíma samninganna og áhættulausa vexti. Farið er nánar yfir kaupréttarsamninga í skýringu 5.

2.3 Samstæðureikningsskil

a) Dótturfélög

Ársreikningur samstæðunnar tekur til ársreiknings móðurfélagsins og ársreikninga félaga sem eru undir stjórn þess á reikningsskiladegi.

Dótturfélög eru öll fyrirtæki þar sem samstæðan hefur vald til að ráða fjárhagslegri og stjórnunarlegri stefnu, sem fylgir að öðru jöfnu eignarhlut með meira en helmingi atkvæðaréttar. Dótturfélög eru að fullu hluti samstæðunnar frá þeim degi þegar yfirráð eru færð yfir til samstæðunnar. Þau eru tekin út úr samstæðunni frá þeim degi þegar yfirráðum lýkur.

Ársreikningurinn nær til Ölgerðinnar Egils Skallagrímssonar hf. og dótturfélaga þess. Danól ehf., kt 530802-2640 með lögheimili að Fosshálsi 17-25, 110 Reykjavík og G7-11 Fasteignafélag ehf., kt. 490911-2510 með aðsetur að Grjóthálsi 7-11, 110 Reykjavík. Í lok tímabilsins átti félagið 100% eignarhlut í Danól ehf. og G7-11 fasteignafélag ehf.

Dótturfélagnum Agla Gosgerð ehf., Borg Brugghús ehf., Sól ehf., og Kveldúlfur Distillery ehf. sem félagið á 100% er haldið utan samstæðu þar sem þau samanlagt hafa óverulega þýðingu fyrir rekstur og efnahag samstæðunnar vegna smæðar þeirra. Félögin eru færð á kostnaðarverði.

Kaupaðferð í reikningshaldi er notuð við færslu kaupa samstæðunnar á dótturfélögum. Kaupverð er metið sem gangvirði tilgreindra eigna sem teknar eru yfir, útgefinna eiginfjárgerninga og skulda sem stofnað er til eða teknar eru yfir á viðskiptadegi, auk kostnaðar sem rekja má beint til yfirtökunnar. Aðgreinanlegar eignir og skuldir og skuldbindingar sem eru yfirteknar við sameiningu fyrirtækja eru metnar í upphafi á gangvirði á yfirtökudegi, án tillits til hversu mikil hlutdeild minnihluta er. Sú fjárhæð kaupverðs sem er umfram gangvirði eignarhluta samstæðunnar í yfirteknum aðgreinanlegum hreinum eignum er skráð sem viðskiptavild.

Markmið samstæðureikningsskilanna er að birta einungis tekjur, gjöld, eignir og skuldir samstæðunnar út á við og er því viðskiptum innan hennar eytt út við gerð reikningsskilanna. Ef við á eru gerðar leiðréttingar á reikningsskilum dótturfélaga til að samræma þau við reikningsskilaaðferðir samstæðunnar.

Skýringar

b) Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum

Hlutdeildarfélög eru félög þar sem móðurfélagið er í aðstöðu til að hafa veruleg áhrif á stjórnun þeirra en hefur ekki yfirráð yfir. Veruleg áhrif eru til staðar þegar félagið tekur þátt í ákvörðunum um fjármál og rekstur hlutdeildarféлага og er oft miðað við 20% til 50% eignarhlut og/eða áhrif á stjórnun félaganna sem teljast veruleg. Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum eru færðar með hlutdeildaraðferð í reikningsskilin. Sjá nánari upplýsingar um hlutdeildarfélög í skýringu 8.

c) Hlutdeildaraðferð

Fjárfestingar í dótturfélögum og hlutdeildarfélögum eru færðar með hlutdeildaraðferð við reikningsskil og eru færðar í upphafi á kostnaðarverði. Hlutur samstæðunnar í hagnaði eða tapi dóttur- og hlutdeildarféлага eftir kaup er færður í rekstrarreikning og hlutur hennar í hreyfingum eiginfjárræikninga er færður á eigið fé. Móttekinn arður er færður til lækkunar á bókfærðu verði fjárfestingarinnar. Uppsafnaðar hreyfingar eftir yfirtöku eru leiðréttar gagnvart bókfærðri fjárhæð fjárfestingarinnar. Þegar hlutur samstæðunnar í tapi hlutdeildarfélagsins er jafnmikill eða meiri en hlutdeild hennar í hlutdeildarfélaginu, þ.m.t. allar aðrar ótryggðar viðskiptakröfur, færir samstæðan ekki frekara tap nema hún hafi stofnað til skuldbindinga, gengist í ábyrgð eða innt af hendi greiðslur fyrir hönd dóttur- og hlutdeildarfélagsins. Bókfært verð fjárfestinga í hlutdeildarfélögum er prófað með tilliti til virðisryrnunar í samræmi við aðferðir sem lýst er í skýringu 2.15.

2.4 Starfsþáttayfirlit

Rekstrarstarfsþáttur er aðgreinanlegur hluti samstæðunnar vegna ólíkra efnislegra eða landfræðilegra þátta varðandi áhættu og afkomu annarra rekstrarstarfsþátta samstæðunnar. Rekstrarstarfsþættir eru skilgreindir í samræmi við innri skýrslugjöf til stjórnenda sem notaðar eru í ákvarðanatöku. Samstæðan skilgreinir starfsemina í þrjá rekstrarstarfsþætti. Frekari grein er gerð fyrir starfsþáttum samstæðunnar í skýringu 3.

2.5 Innlaun tekna

Tekjur eru færðar þegar eignarréttur og áhætta hefur færst yfir til kaupanda og hægt er að meta fjárhæðina með ábyggilegum hætti. Tekjur eru færðar á gangvirði móttekings gagngjalds eða kröfu, og endurspeglar móttekna fjárhæð fyrir selda vöru eða þjónustu að frádregnum afslætti, vöruskilum og virðisaukaskatti. Seldar vörur eru með 30 daga skilarétt og er byggt á fyrri reynslu við áætlun á vöruskilum í lok árs.

2.6 Fjármunatekjur og fjármagnskostnaður

(a) Fjármunatekjur

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning með aðferð virkra vaxta vegna allra fjármálagerna sem færðir eru á kostnaðarverði.

(b) Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

2.7 Tekjuskattur

Tekjuskattur er reiknaður og færður í samstæðuársreikninginn. Útreikningur hans byggir á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegs mismunar á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt samstæðuársreikningi. Tekjuskattshlutfall er 20%.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar tímabilsins auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri tímabila.

Frestaður tekjuskattur af tímabundnum mismunum milli skattverðs eigna og skulda og bókfærðra fjárhæða þeirra í samstæðureikningsskilunum er færður að fullu til skuldar. Frestaður tekjuskattur er hins vegar ekki færður ef hann myndast vegna upphaflegrar færslu eignar eða skuldar í öðrum viðskiptum en sameiningu fyrirtækja sem hefur hvorki áhrif á reikningshaldslegan né skattskyldan hagnað eða tap. Frestaður tekjuskattur er ákvarðaður með því að nota skatthlutföll sem hafa verið lögleidd fyrir dagsetningu efnahagsreiknings eða fyrir liggur að verði lögleidd og vænst er að verði í gildi þegar tengd frestuð skattinneign er innlest eða frestaða tekjuskattskuldbindingin er gerð upp.

Frestaðar skattinneignir eru færðar að því marki sem líklegt er að unnt verði að nýta tímabundinn mismun á móti skattalegum framtíðarhagnaði.

Skýringar

2.8 Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru einungis eignfærðar þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast samstæðunni og hægt er að meta kostnaðarverð eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Óefnislegar eignir samanstanda af vörumerkjum og viðskiptasamböndum.

Vörumerki og viðskiptasambönd eru færð til eignar á kostnaðarverði sem óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma og eru gerð á þeim virðisrýmunarpróf að minnsta kosti árlega.

2.9 Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar sem rekstrarfjármunir þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast samstæðunni og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti.

Viðbótarfjárfesting sem fellur til síðar er innifalin í bókfærðu verði eignarinnar eða færð sem sérgreind eign, eftir því sem við á. Það gerist þó einungis þegar líklegt er að efnahagslegur ávinningur, sem tengist fjárfestingunni, muni í framtíðinni renna til samstæðunnar og að unnt sé að meta kostnaðarverð með öruggum hætti. Viðgerðir og viðhald eru gjaldfærðar í rekstrarreikningi á því tímabili þegar stofnað er til þeirra.

Afskriftir eru reiknaðar þannig að mismunur á kostnaðarverði eignar og áætluðu hrakvirði er dreift línulega á áætlaðan nýtingartíma eignarinnar. Meiriháttar endurbætur eru afskrifaðar á líftíma viðkomandi eignar eða þeim tíma sem líður að næstu meiriháttar endurbótum, hvort sem skemur er.

Hrakvirði eigna og nýtingartími er endurskoðaður árlega og leiðréttur, ef við á.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söliverðs og bókfærðs verðs eigna á söluþegi og er fært í rekstrarreikning.

2.10 Virðisrýmun annarra eigna en fjáreigna

Á hverjum reikningsskiladegi er bókfært verð annarra eigna en fjáreigna yfirfarið með tilliti til vísbendinga um virðisrýmun. Komi fram vísbending um virðisrýmun er endurheimtanlegt virði eignarinnar metið í því skyni að hægt sé að ákvarða hversu víðtæk virðisrýmun er.

Endurheimtanlegt virði er annað hvort hreint söluvirði eða nýtingarvirði eignar, hvort sem hærra er. Við mat á nýtingarvirði er notað vænt fjárstreymi sem fært hefur verið til núvirðis með vaxtaþrósentu sem viðeigandi er við fjármögnun slíkrar eignar að teknu tilliti til skatta. Þegar ekki er hægt að meta endurheimtanlegt virði einstakra eigna þá metur samstæðan endurheimtanlegt virði þeirrar sjóðskapandi einingar sem eignin fellur undir.

Sé endurheimtanlegt virði eignar eða fjárskapandi einingar metið lægra en bókfært verð er bókfært verð eignarinnar lækkað í endurheimtanlegt virði. Tap vegna virðisrýmunar er fært í rekstrarreikning. Nánari upplýsingar má finna í skýringu 7.

Ef áður færð virðisrýmun á ekki lengur við er bókfært verð eignarinnar hækkað aftur, þó ekki umfram upphaflegt kostnaðarverð. Virðisrýmun viðskiptavildar er ekki þó heimilt að bakfæra.

2.11 Birgðir

Vörubirgðir og aðrar vörur í vinnslu eru metnar á kostnaðarverði/framleiðsluverði eða dagverði, hvort sem lægra reynist. Framleiðslukostnaður samanstendur af hráefniskostnaði, launakostnaði og óbeinum kostnaði vegna framleiðslunnar. Dagverð er áætlað söliverð í venjulegum viðskiptum að frádregnum áætluðum sölukostnaði.

2.12 Fjármálagerningar

Fjármálagerningar eru færðir í upphafi á gangvirði. Fjármálagerningar eru færðir á viðskiptadegi, en það er dagurinn sem samstæðan skuldbindur sig til að kaupa eða selja eignina.

Fjáreignir eru afskráðar þegar réttindi til að fá sjóðsstreymi af fjáreignunum eru útrunnin eða hafa verið yfirfærð og samstæðan hefur yfirfært að mestu alla áhættu og umbun eignarhalds.

Samstæðan flokkar fjáreignir sínar í eftirfarandi matsflokka:

- þær sem eru færðar á gangvirði (annaðhvort í gegnum aðra heildarafkomu eða í rekstrarreikning); og
- þær sem eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði.

Fjáreignir sem er haldið til innheimtu samningsbundins sjóðsstreymis, þar sem sjóðsstreymi er eingöngu greiðsla höfuðstóls og vaxta, eru metnar á afskrifuðu kostnaðarverði. Vaxtatekjur af þessum fjáreignum eru færðar með fjármagnstekjum með aðferð virkra vaxta.

Samstæðan afskráir fjáreignir aðeins þegar samningsbundinn réttur til framtíðarsjóðstreymis af fjáreigninni er ekki lengur til staðar eða þegar áhættan eða ávinningurinn af fjáreigninni flyst yfir á annað félag.

Fjárskuldir, þar á meðal skuldir við fjármálastofnanir, eru upphaflega metnar á gangvirði að frádregnum viðskiptakostnaði. Við síðara mat eru þær færðar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti. Samstæðan afskráir fjárskuldir eingöngu þegar skuldbinding vegna þeirra er ekki lengur til staðar.

Skýringar

2.13 Áhættuvarnareikningsskil

Félagið beitir áhættuvarnareikningsskilum vegna gengisáhættu vegna hlutdeildarfélags sem starfrækt er í öðrum gjaldmiðli en samstæðan. Gengisáhættan hefur verið færð beint á eigið fé sem þýðingarmunur vegna hlutdeildarfélags. Félagið hefur ákveðið að gera gjaldmiðlaskiptasamning sem virka vörn gegn gengisáhættunni. Samningurinn var gerður 28. febrúar 2022. Engra reikningsskila áhrifa gætir af samningnum á uppgjörsári.

2.14 Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði, að teknu tilliti til gengismunar og niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

2.15 Virðisrýrnun fjáreigna

Samstæðan metur vænt útlánatap tengt viðskiptakröfum sínum og öðrum eignum í skuldagerningum sem eru færðir á afskrifuðu kostnaðarverði. Aðferðafræðin við mat á virðisrýrnun sem beitt er fer eftir því hvort umtalsverð aukning hefur verið á útlánaáhættu. Að því er varðar viðskiptakröfur notar samstæðan þá einfölduðu nálgun sem IFRS 9 heimilar, þar sem krafist er að samstæðan meti niðurfærslu sem er jöfn væntu útlánatapi á líftíma viðskiptakrafanna.

Færð er almenn virðisrýrnun og sértæk virðisrýrnun. Við mat á almennri virðisrýrnun er viðskiptakröfum samstæðunnar skipt niður eftir þeim fjölda daga sem þær eru komnar fram yfir gjalddaga. Við mat á föstu niðurfærsluhlutfalli fyrir hvern flokk er horft til tapssögu félagsins og leiðrétt fyrir framtíðarvæntingum um efnahagslega þróun ef þörf er á. Samstæðan metur einnig einstaka viðskiptavinum eða hópa viðskiptavina sérstaklega ef kröfur falla ekki undir ákveðinn flokk eða ef vísbendingar eru um aukna tapsáhættu.

Á hverjum uppgjörsdegi er farð yfir hvort til staðar sé hlutlæg vísbending um virðisrýrnun fjáreigna. Komi fram vísbending um virðisrýrnun er endurheimtanlegt virði eignarinnar metið í því skyni að hægt sé að ákvarða hversu víðtæk virðisrýrnun er. Vísbending um að virði fjáreignar hafi rýrnað í virði eru ýmsar hlutlægar vísbendingar um að einn eða fleiri atburðir sem geta haft áhrif á vænt framtíðarsjóðstreymi eignarinnar. Ef vænt sjóðstreymi fjáreignarinnar er lægra en bókfært verð hennar er færð sértæk virðisrýrnun á fjáreigninni.

Virðisrýrnun er færð á afskriftarreikning fjáreigna í efnahag og gjaldfærð í rekstrarreikning. Ef áður færð virðisrýrnun á ekki lengur við er bókfært verð eignarinnar hækkað aftur og bakfært úr rekstrarreikningi.

2.16 Handbært fé

Handbært fé í efnahagsreikningi og sjóðstreymi samanstendur af óbundnum bankainnstæðum, skammtímaverðbréfum til skemmri tíma en 3ja mánaða.

2.17 Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádregnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á. Vextir, gengismunur og verðbætur færast í rekstrarreikning með aðferð virkra vaxta. Lántökukostnaður er eignfærður við lántöku og gjaldfærður eftir lánstíma.

Lántaka er flokkuð meðal skammtímaskulda nema samstæðan hafi óskilyrtan rétt til að fresta uppgjöri skuldarinnar í a.m.k. 12 mánuði eftir dagsetningu reikningsskila.

2.18 Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

2.19 Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að samstæðan verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

Skuldbindingar vegna vöruábyrgða eru færðar á söluþegi viðkomandi vara og metnar af stjórnendum m.t.t. áætlaðs fjárútstreymis sem ábyrgðirnar kunna að valda í framtíðinni.

2.20 Leigusamningar

Samstæðan er leigutaki. Samstæðan metur hvort nýir samningar feli í sér leigu samkvæmt skilgreiningu IFRS 16. Ef svo er, þá eru leigusamningar færðir til eignar og skuldar með því að afvaxta leigugreiðslur með innri vöxtum samningsins eða með vöxtum sem henni bjóðast. Leiguréttindi eru eignfærð í efnahagsreikningi og eftir það afskrifuð á áætluðum líftíma leigunnar. Leigugreiðslum er skipt á milli afborgunar af leiguskuldu og vaxta, með aðferð virkra vaxta.

Skýringar

2.21 Breytingar á reikningsskilaaðferðum og framsetningu - Innleiðing IFRS

a) Innleiðing IFRS sem grundvöll reikningsskila samstæðunnar

Ársreikningur samstæðu Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar hf. fyrir reikningsskilaárið sem lauk 28. febrúar 2022 er sá fyrsti sem samstæðan hefur samið í samræmi við alþjóðlegu reikningsskilastaðlana IFRS. Fyrri ársreikningar voru gerðir samkvæmt íslensku ársreikningalögunum nr. 3/2006. Samanburðartölur vegna reikningsársins 2020-2021 hafa verið færðar í samræmi við IFRS. Í skýringum 2.1-2.21 er yfirlit yfir þær reikningsskilaaðferðir skv. IFRS sem samstæðan notar frá 1. mars 2020.

Við gerð ársreikningsins var upphafsstaða efnahags samstæðunnar sett fram þann 1. mars 2020, sem er yfirfærsludagur samstæðunnar frá íslensku ársreikningalögunum yfir í IFRS. Í þessari skýringu er farið yfir þær breytingar sem gera þurfti á reikningsskilunum samstæðunnar við yfirfærsluna.

Uppgjör samstæðunnar samkvæmt íslensku ársreikningalögunum voru að flestu leytí í samræmi við flokkunar- og matsreglur alþjóðlegu reikningsskilastaðlanna IFRS.

Alþjóðlegi reikningsskilastaðallinn IFRS 16 Leigusamningar var innleiddur í reikningsskil samstæðunar 1. mars 2021. Samkvæmt nýja staðlinum er eign (réttur til að nota hina leigðu eign) og skuldbinding vegna greiðslu leigu færð í efnahagsreikning. Nánari upplýsingar er að finna í skýringu 21.

Heildaráhrif vegna innleiðingar á IFRS á eigið fé samstæðunnar þann 1. mars 2020 námu 2,1 millj. kr. Breytingarnar felast í eftirfarandi:

Uppsetningu á rekstrarreikningi er breytt til samræmis við kröfur IAS 1 þar um. Aðrir staðlar höfðu ekki áhrif á upptöku alþjóðlegu reikningsskilastaðla í reikningsskilum samstæðunnar.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á eignum, skuldum og eigin fé við yfirfærslu samstæðunnar í IFRS þann 1. mars 2020:

Eignir	Ársreikningalög		IFRS	
	29.feb.20	Endurflokkun	Endurmat	1.mar.20
Fastafjármunir				
Óefnislegar eignir	6.848.574			6.848.574
Varanlegir rekstrarfjármunir	8.247.670			8.247.670
Húsaleiguréttindi	0		174.158	174.158
Eignarhlutar í hlutdeildarfélagum	516.164			516.164
Kröfur á hlutdeildarfélag	257.830			257.830
Skuldabréf og áhættufjármunir	335.515			335.515
Tekjuskattsinneign	35.928			35.928
	16.241.681	0	174.158	16.415.839
Veltufjármunir				
Birgðir	1.753.095			1.753.095
Viðskiptakröfur	1.917.851			1.917.851
Aðrar skammtímakröfur	69.615			69.615
Handbært fé	180.134			180.134
	3.920.695	0	0	3.920.695
Eignir samtals	20.162.376	0	174.158	20.336.534
Eigið fé og skuldir				
Eigið fé				
Hlutfé	2.796.962			2.796.962
Yfirverðsreikningur hlutfjár	1.085.052			1.085.052
Sérstakt endurmat	321.888			321.888
Aðrir liðir	529.221			529.221
Óráðstafað eigið fé	674.607		(2.067)	672.540
	5.407.730	0	(2.067)	5.405.663
	Ársreikningalög			IFRS
	29.feb.20	Endurflokkun	Endurmat	1.mar.20
Skuldir:				
Skuldir við lánastofnanir	9.015.206			9.015.206
Húsaleiguskuldbinding	0		176.125	176.125
Tekjuskattsskuldbinding	1.775.426			1.775.426
Skuldir við lánastofnanir	55.170			55.170
Næsta árs afborganir af langtímaskuldum	1.004.133			1.004.133
Reiknaðir skattar ársins	130.599			130.599
Viðskiptaskuldir	1.478.243			1.478.243
Aðrar skammtímaskuldir	1.295.869			1.295.869
	14.754.646	0	176.125	14.930.771
Eigið fé og skuldir samtals	20.162.376	0	174.058	20.336.434

Eftirfarandi er breyting á heildarafkomu samstæðunnar árið 2020 - 2021 og efnahag þann 28.2.2021 vegna yfirfærslu í IFRS. Breytingarnar felast í áhrifum vegna innleiðingar IFRS 16.

Skýringar

Rekstrarreikningur samstæðu fyrir árið 2020 - 2021, breyting

	Ársreikningalög 2020 - 2021	Endurflokkun	Endurmat	IFRS 2020 - 2021
Rekstrartekjur				
Vörusala	18.637.223			18.637.223
Aðrar rekstrartekjur	50.799			50.799
	18.688.022	0	0	18.688.022
Rekstrargjöld				
Framleiðslukostnaður	11.218.352			11.218.352
Annar rekstrarkostnaður	5.203.454		(26.071)	5.177.383
	16.421.806	0	(26.071)	16.395.735
Hagnaður fyrir afskriftir	2.266.216		26.071	2.292.287
Afskriftir	748.003		19.173	767.176
Rekstrarhagnaður	1.518.213	0	6.898	1.525.111
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)				
Fjármagnstekjur	34.369			34.369
Fjármagnsgjöld	(460.687)		(9.955)	(470.642)
Gengismunur	(87.423)			(87.423)
	(513.741)	0	(9.955)	(523.696)
Áhrif af rekstri hlutdeildarfélagum	(47.386)			(47.386)
Hagnaður fyrir skatta	957.086		(3.057)	954.029
Tekjuskattur	(228.277)		0	(228.277)
Hagnaður tímabilsins	728.810		(3.057)	725.752

Efnahagsreikningur 28. febrúar 2021, breyting

	Ársreikningalög 28. feb. 21	Endurflokkun	Endurmat	IFRS 28. feb. 21
Eignir				
Fastafjármunir				
Óefnislegar eignir	6.848.574			6.848.574
Varanlegir rekstrarfjármunir	8.148.998			8.148.998
Húsaleiguréttindi	0		161.691	161.691
Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum	711.113			711.113
Kröfur á hlutdeildarfélög	64.943			64.943
Skuldabréf og áhættufjármunir	312.025			312.025
	16.085.653	0	161.691	16.247.344
Fastafjármunir samtals	16.085.653	0	161.691	16.247.344
Veltufjármunir				
Birgðir	1.729.378			1.729.378
Viðskiptakröfur	1.831.501			1.831.501
Aðrar skammtímakröfur	139.214			139.214
Handbært fé	690.751			690.751
	4.390.844	0	0	4.390.844
Eignir samtals	20.476.497	0	161.691	20.638.188

Skýringar

Efnahagsreikningur 28.febrúar 2021, breyting

Eigið fé og skuldir	Ársreikningalög	Endurflokkun	Endurmat	IFRS
	28.febr.21			28.febr.21
Eigið fé				
Hlutfé	2.806.965			2.806.965
Yfirverðsreikningur hlutfjár	1.105.058			1.105.058
Sérstakt endurmat	321.888			321.888
Aðrir liðir	780.060			780.060
Óráðstafað eigið fé	925.554		(5.026)	920.528
	5.939.525	0	(5.026)	5.934.499
Skuldir				
<i>Langtímaskuldir og skuldbindingar:</i>				
Skuldir við lánastofnanir	8.586.249			8.586.249
Húsaleiguskuldbinding	0		166.717	166.717
Tekjuskattsskuldbinding	1.815.110			1.815.110
	10.401.359	0	166.717	10.568.076
<i>Skammtímaskuldir:</i>				
Næsta árs afborganir af langtímaskuldum	451.465			451.465
Reiknaðir skattar ársins	144.431			144.431
Viðskiptaskuldir	1.635.906			1.635.906
Aðrar skammtímaskuldir	1.676.798			1.676.798
	3.908.600	0	0	3.908.600
Skuldir samtals	14.309.959	0	166.717	14.476.676
Eigið fé og skuldir samtals	20.249.484	0	161.691	20.411.176

Sjóðstreymi samstæðu fyrir árið 2020-2021, breyting

Rekstrarhreyfingar	Ársreikningalög	Endurflokkun	Endurmat	IFRS
	2020-2021			2020-2021
Hreint veltufé frá rekstri				
Hagnaður ársins	728.810		(3.059)	725.751
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:				
Afkoma hlutdeildarféлага	47.386			47.387
Tap (hagnaður) af sölu á varanl. rekstrarfjármunum	(19.220)			(19.219)
Afskriftir	748.003		19.173	767.177
Breyting tekjuskattsskuldbindingar	75.612			75.612
Hreint veltufé frá rekstri	1.580.591	0	16.114	1.596.706
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:				
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	16.752			16.752
Birgðir	23.717			23.717
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra skulda:				
Skammtímaskuldir	552.426			552.426
	592.895	0	0	592.895
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)	2.173.485	0	16.114	2.189.600

Sjóðstreymi samstæðu fyrir árið 2020-2021, breyting

Fjárfestingahreyfingar	Ársreikningalög	Endurflokkun	Endurmat	IFRS
	2020-2021			2020-2021
Seldir (keyptir) varanlegir rekstrarfjármunir				
Seldir (keyptir) varanlegir rekstrarfjármunir	(676.784)			(676.784)
Tengd félög, breyting	23.490			23.490
Skuldabréf, breyting	185.260			185.260
Fjárfesting í hlutdeildarfélagi	(242.335)			(242.335)
	(710.369)	0	0	(710.369)
Fjármögnunarahreyfingar				
Ný langtímalán	59.324			59.324
Afborganir langtímalána	(1.041.834)			(1.041.834)
Afborgun húsaleiguskuldbindingar	0		(16.115)	(16.115)
Seld eigin bréf	30.009			30.009
	(952.501)	0	(16.115)	(968.616)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	510.615	0	0	510.615
Handbært fé í byrjun árs	180.136			180.136
Handbært fé í árslok	690.751	0	0	690.751

Skýringar

3. Starfsþáttayfirlit

Samstæðunni er skipt í þrjá starfspætti, Egils áfengt, Egils óáfengt og Danól, samkvæmt skipulagi og innri upplýsingagjöf samstæðunnar.

2021-2022	Egils áfengt	Egils óáfengt	Danól	Samtals
Rekstrartekjur og aðrar rekstrartekjur samtals	15.114.510	9.290.191	7.481.729	31.886.430
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA)	971.076	1.844.868	463.115	3.279.059
Rekstrarhagnaður (-tap)	447.542	1.588.086	422.995	2.458.623
Fjármunatekjur, (fjármagnsgjöld) og áhrif hlutdeildarfélaganna				(383.123)
Tekjuskattur				(371.568)
Hagnaðar tímabilsins				1.703.932

2020-2021	Egils áfengt	Egils óáfengt	Danól	Samtals
Rekstrartekjur og aðrar rekstrartekjur samtals	12.112.173	7.881.560	6.211.431	26.205.164
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA)	492.690	1.529.335	270.262	2.292.287
Rekstrarhagnaður (-tap)	18.299	1.292.845	213.967	1.525.110
Fjármunatekjur, (fjármagnsgjöld) og áhrif hlutdeildarfélaganna				(571.082)
Tekjuskattur				(228.277)
Hagnaðar tímabilsins				725.751

1) Tekjur hjá Egils áfengt eru fólgnar í framleiðslu, sölu og markaðssetningu drykkjarvara og tengdra vara hjá viðskiptavinum sem aðallega versla með áfenga drykki.

2) Tekjur hjá Egils óáfengt eru fólgnar í framleiðslu, sölu og markaðssetningu drykkjarvara og tengdra vara hjá viðskiptavinum sem aðallega versla með óáfenga drykki.

3) Danól. Tekjur hjá Danól eru fólgnar í sölu og markaðssetningu á sviði matvæla, drykkjarvara, tengdra vara og annarrar sérvöru.

4. Seldar vörur

Megin starfsemi samstæðunnar er fólgin í framleiðslu, sölu og markaðssetningu á sviði matvæla, drykkjarvara og tengdra vara.

5. Rekstrargjöld

Rekstrargjöld greinast þannig:	2021 - 2022	2020 - 2021
Vörunotkun	11.848.362	9.816.579
Laun og launatengd gjöld	4.013.198	3.526.965
Markaðskostnaður og annar rek.kostn	2.631.830	2.052.571
Annar framleiðslu- og rekstrarkostnaður	1.218.903	999.620
	19.712.292	16.395.735

Laun og annar starfsmannakostnaður greinist þannig:	2021 - 2022	2020 - 2021
Laun	3.299.084	2.903.141
Lífeyrissjóðsgjöld	423.367	372.495
Önnur launatengd gjöld	281.598	251.329
Kostnaður vegna kaupréttasamninga	9.149	0
	4.013.198	3.526.965

Stöðugildi að meðaltali	349	345
-------------------------------	-----	-----

Laun og launatengd gjöld skiptast þannig á rekstrargjöld:	2021 - 2022	2020 - 2021
Framleiðslukostnaður	756.075	803.551
Annar rekstrarkostnaður	3.257.123	2.723.414
	4.013.198	3.526.965

Kaupréttarsamningar

Í samræmi við samþykkt aðalfundar 19. maí 2021 á starfskjarastefnu Ölgerðinnar ákvað stjórn þann 20. ágúst 2021 að veita tilteknu lykilstarfsfólki félagsins kauprétti að allt að 140.000.000 hlutum í félaginu. Á fjárhagsárinu voru 9 mkr gjaldfærðar í rekstrarreikningi Ölgerðarinnar vegna kaupréttasamninga. Innlausnarverð úthlutaðra kaupréttanna er 4,75 sem hækkar um 8,0% á ári. Ávinnslutími er til 19. maí 2024 og hefst nýtingartímabil þegar ávinnslutímanum lýkur. Heildarkostnaður félagsins vegna kaupréttasamninga er áætlaður um 48 mkr. byggt á reiknilíkani Black-Scholes.

Skýringar (framhald)

6. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir sundurliðast þannig:

	Fasteignir	Bifreiðar	Vélar, áhöld og tæki	Samtals
Árslok 2020 - 2021:				
Bókfært verð 1.3.2020	5.057.386	455.923	2.734.362	8.247.672
Viðbót ársins	197.817	77.162	456.647	731.627
Bókfært verð seldra eigna	0	(71.857)	(10.440)	(82.297)
Afskriftir	(182.411)	(105.156)	(460.437)	(748.004)
Bókfært verð í árslok	5.072.792	356.072	2.720.131	8.148.998
Bókfært verð í árslok 2020 - 2021 greinist þannig:				
Kostnaðarverð	6.464.601	661.258	5.989.478	13.115.337
Afskrifað samtals	(1.391.809)	(305.186)	(3.269.347)	(4.966.342)
Bókfært verð í árslok	5.072.792	356.072	2.720.131	8.148.998
Árslok 2021 - 2022:				
Bókfært verð 1.3.2021	5.072.792	356.072	2.720.131	8.148.997
Viðbót ársins	726.742	121.330	1.356.299	2.204.373
Bókfært verð seldra eigna	0	(48.920)	0	(48.920)
Afskriftir	(184.678)	(89.320)	(507.323)	(781.322)
Bókfært verð í árslok	5.614.856	339.162	3.569.107	9.523.128
Bókfært verð í árslok 2021 - 2022 greinist þannig:				
Kostnaðarverð	7.191.342	688.286	7.191.214	15.070.843
Afskrifað samtals	(1.576.486)	(349.124)	(3.622.107)	(5.547.717)
Bókfært verð í árslok	5.614.856	339.162	3.569.107	9.523.128

Áætlaður nýtingartími eigna

Fasteignir	30 ár
Bifreiðar	3-9 ár
Vélar, áhöld og tæki	3-15 ár
Leiguréttindi	8 ár

Leiguréttindi

Félög innan samstæðunnar hafa gert langtímaleigusamning um leigu á atvinnuhúsnæði í fasteigninni Fosshálsi 25, 110 Reykjavík sem er í gildi til ársins 2029. Leigufjárhæð breytist mánaðarlega í samræmi við breytingu á byggingarvísitölu.

Afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna og færðar í rekstrarreikning.

Afskriftir greinast þannig:	2021 - 2022	2020 - 2021
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna	781.322	748.003
Afskriftir leiguréttinda	21.378	19.173
	802.700	767.176

Veðsetningar

Félagið hefur veitt kröfuhöfum veð í fasteign félagsins til tryggingar skilvísnum greiðslum vaxtaberandi lána sem nú standa í 3.046 millj. kr. Fjárhæð tryggingabréfs í lok tímabilsins er 5.456 millj. kr. Félagið hefur að auki veitt veð í birgðum, kröfum og lausfé. Uppreiknuð fjárhæð tryggingabréfs í lok tímabilsins er 6.099 millj. kr.

Endurmat eigna

Endurmatreikningurinn er leystur upp ef eign sem er færð á gangvirði er seld, tekin úr notkun eða fullafskrifuð, svo og ef forsendur fyrir endurmati eru ekki fyrir hendi.

Fasteignamat og vátryggingaverðmæti

Fasteignamat og vátryggingamat eigna í árslok greinist þannig:

	Fasteignamat, hús	Fasteignamat, lóð	Vátryggingamat	Bókfært verð
Grjótháls 7-11	3.443.650	845.350	7.707.126	5.614.856

Skýringar (framhald)

7. Óefnislegar eignir

	2021 - 2022	2020 - 2021
Bókfært verð í lok tímabilsins greinist þannig:		
Vörumerki	6.111.542	6.129.278
Viðskiptasambönd	1.229.296	719.296
Bókfært verð í lok tímabilsins	7.340.838	6.848.574

Árslok 2021 - 2022:	Viðskipta- sambönd	Vörumerki	Samtals
Bókfært verð í upphafi tímabilsins	719.296	6.129.278	6.848.574
Viðbót tímabilsins	510.000		510.000
Virðisrýrnun tímabilsins		(17.736)	(17.736)
Bókfært verð í lok tímabilsins	1.229.296	6.111.542	7.340.838

Vörumerki og viðskiptasambönd félagsins eru með ótilgreindan líftíma, félagið framkvæmir virðisrýrnunarpróf árlega þar sem athugað er fjárstreymi vegna eigin vörumerkja og viðskiptasambanda félagsins. Komi fram virðisrýrnun er sú rýrnun færð til gjalda.

Endurheimtanleg fjárhæð vörumerkja og viðskiptasambanda byggir á áætlaðri framlegð til framtíðar og miðast framlegðar-prósentur við áætlun stjórnenda um framtíðarframlegð vörumerkjanna og viðskiptasambandanna. Áætlun stjórnenda varðandi vörumerkin og viðskiptasamböndin er núvirt með ávöxtunarkröfu, sem er veginn meðalfjármagnskostnaður félagsins. Núvirðingin er síðan borin saman við eignagrun hvers vörumerkis og viðskiptasambands til að meta hugsanlega rýrnun.

Útreikningar á endurheimtanlegri fjárhæð leiddu til 17,7 mkr virðisrýrnunar vegna vörumerkja í flokki hreinlætisvara

Við framkvæmd virðisrýrnunarprófs var stuðst við eins árs áætlun á framlegð vöruflokkanna sem samþykkt hefur verið af stjórn félagsins. Áætlunartímabilið sem um ræðir er 2022/23 - 2035/36. Framtíðarvöxtur framlegðar er áætlaður 5% við prófun á vöru-merkjum en 2,5% í virðisrýrnunarprófi viðskiptasambanda. Þar sem vöruflokkarnir eru að miklu leyti sambærilegir er veginn fjármagnskostnaður þeirra metinn sá sami. Veginn fjármagnskostnaður (WACC) er 8,8% (8,1% fyrr árið 2021-2022). Veginn fjármagnskostnaður (WACC) vegna viðskiptasambanda er 10,6% (9,8% 2021-2022)

Næmigreining leiðir í ljós að ekki er hætt á frekari virðisrýrnun þó helstu áhrifaþættir breytist nokkuð. Mest næmni er gagnvart fjármagnskostnaði (WACC). Í tilvikum vörumerkja er næmni um 2 mkr pr 10bp hækkun á WACC.

8. Eignarhlutir í hlutdeildarfélagum

	Iceland Spring	Endurvinnslan	Samtals
Eignarhlutdeild	40%	20%	
Hlutdeild 1.3.2021.....	488.590	222.523	711.113
Hlutdeild í afkomu.....	(36.163)	59.800	23.637
Þýðingarmunur.....	2.387	0	2.387
	454.815	282.323	737.138

Hlutur félagsins í Iceland Spring ehf. nemur 40%. Félagið hefur gefið út skuldabréf sem er, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, hægt að breyta í hlutafé. Verði sá réttur skuldabréfaeigendanna nýttur myndi hlutur Ölgerðinnar lækka í 30%. Af þessum sökum innleysir Ölgerðin aðeins 30% hlutdeild í afkomu Iceland Spring og færir eignarhlut sinn miðað við 30% af eigin fé félagsins.

9. Birgðir

Birgðir greinast þannig:	28.02.2022	28.02.2021
Fullunnar vörur	1.837.873	1.387.072
Hráefni og umbúðir	514.378	322.776
Annað	30.705	35.617
Niðurfærsla birgða	(18.078)	(16.087)
	2.364.878	1.729.378

Vátryggingarverðmæti birgða nam 2.596 millj. kr. í lok ársins.

Skýringar (framhald)

10. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur greinast þannig:

	28.02.2022	28.02.2021
Innlendar viðskiptakröfur	2.287.520	1.890.301
Erlendar viðskiptakröfur	164.761	67.670
Niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast	(195.413)	(126.470)
	<u>2.256.868</u>	<u>1.831.501</u>

Viðskiptakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður niðurfærslureikningur, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá eignfærðum viðskiptakröfum í efnahagsreikningi. Sérstök varúðarniðurfærsla er færð meðal ógjaldfallnra krafna vegna Covid-19 heimsfaraldurs.

Breytingar á niðurfærslu viðskiptakrafna greinist þannig:

	28.02.2022	28.02.2021
Staða í ársbyrjun	(126.470)	(134.315)
Breyting á niðurfærslu	(80.100)	(41.724)
Tapaðar viðskiptakröfur á árinu	11.157	49.569
Staða í árslok	<u>(195.413)</u>	<u>(126.470)</u>

Aldur viðskiptakrafna og niðurfærsla er eftirfarandi í lok tímabilsins, sundurliðað eftir dögum fram yfir gjalddaga:

	Nafnverð krafna		Niðurfærsla	
	2021 - 2022	2020 - 2021	2021 - 2022	2020 - 2021
Ógjaldfallið	2.195.650	1.706.564	169.229	106.823
1 - 90 daga	188.503	138.459	5.064	2.423
90 daga og eldra	68.128	112.948	21.121	17.224
	<u>2.452.281</u>	<u>1.957.971</u>	<u>195.413</u>	<u>126.470</u>

11. Handbært fé

Handbært fé samstæðunnar samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

	28.02.2022	28.02.2021
Bankainnstæður í íslenskum krónum	650.788	572.751
Bankainnstæður í öðrum myntum en ISK	6.733	116.562
Sjóður	1.453	1.438
	<u>658.974</u>	<u>690.751</u>

Skýringar (framhald)

12. Eigið fé

Hlutfé

Hlutfé samkvæmt samþykktum félagsins nemur 2.806,9 millj. kr. þann 28.2.2022.

Hlutfé greinist þannig:

	Hlutfall	Fjárhæð ISK
Heildarhlutfé í árslok	100%	2.806.965

Yfirverðsreikningur innborgaðs hlutfjár

Á yfirverðsreikning innborgaðs hlutfjár var fært innborgað hlutfé umfram nafnverð þess.

Lögbundinn varasjóður

Lögbundin varasjóður er innifalinn yfirverðsreikningi hlutfjár.

Sérstakt endurmat

Sérstaka endurmatið er hlutdeild félagsins í sérstöku endurmati hlutdeildarfélags sem er vegna endurmats á vatnslind hlut-deildarfélagsins.

Bundnir reikningar

Á bundinn hlutdeildarreikning er færður mismunur á hlutdeild sem færð hefur verið í rekstrareikning vegna dóttur- og hlutdeildar-félags og þeirri fjárhæð sem nemur mótteknum arði eða þeim arði sem ákveðið hefur verið að úthluta. Reikningurinn er leystur upp ef hlutdeildin er seld eða afskrifuð.

Aðrir liðir greinast á eftirfarandi hátt:

	Kaupréttar- samningar	Þýðingar- munur	Bundinn hlutdeildarr.	Samtals
Hreyfingar 2021 - 2022:				
Staða 1.3.2021	0	(12.202)	792.262	780.060
Þýðingarmunur	0	2.387	0	2.387
Áfallin kostnaður v. kaupréttasamninga	9.149	0	0	9.149
Hlutdeildartekjur dótturfélaga	0	0	574.585	574.585
Hlutdeildartekjur hlutd.félaga	0	0	23.637	23.637
Staða 28.2.2022	9.149	(9.815)	1.390.484	1.389.818

Hagnaður á hlut

Grunnhagnaður á hlut er miðaður við hagnað, sem ráðstafað er til hluthafa í móðurfélaginu og vegins meðaltals virks hlutfjár á árinu og sýnir hver hagnaðurinn er á hverja krónu hlutfjár.

	2021 - 2022	2020 - 2021
Hagnaður tímabilsins til hluthafa í móðurfélaginu	1.783.006	728.808
Vegið meðaltal útistandandi hluta síðustu 12 mánuði (fjöldi hluta)	2.806.965	2.801.964
Hagnaður á útistandandi hlut	0,6352	0,2601

Þynntur hagnaður á hlut er grunnhagnaður á hlut a.t.t. þynningar vegna útistandandi kaupréttasamninga.

	2021 - 2022	2020 - 2021
Hagnaður ársins til hluthafa í móðurfélaginu	1.783.006	728.808
Vegið meðaltal útistandandi hluta síðustu 12 mán (fjöldi hluta) a.t.t. útistandandi kaupréttar	2.898.840	2.801.964
Þynntur hagnaður á útistandandi hlut	0,6151	0,2601

Skýringar (framhald)

13. Skuldir við lánastofnanir

Skuldir í íslenskum krónum:	28.02.2022	28.02.2021
Óverðtryggðar skuldir	8.654.092	9.037.714
	<u>8.654.092</u>	<u>9.037.714</u>
Næsta árs afborganir langtímaskulda	(451.227)	(451.465)
Næsta árs afborgun leiguskuldbindingar	<u>(19.959)</u>	<u>0</u>
Langtímaskuldir í árslok	<u>8.182.906</u>	<u>8.586.250</u>

Allar skuldir við lánastofnanir eru á óverðtryggðum breytilegum vöxtum. Meðalvextir skulda þann 28.02.2022 voru 5,7%. Á árinu var gerður vaxtaskiptasamningur við lánastofnum þar sem vaxtafæti 630 mkr skuldanna var breytt yfir í fasta 2,25% vexti í USD.

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:

	Skuldir við lánastofnanir
Afborganir mars 2022 - febrúar 2023	<u>451.227</u>
Afborganir mars 2023 - febrúar 2024	451.227
Afborganir mars 2024 - febrúar 2025	5.017.881
Afborganir mars 2025 - febrúar 2026	106.814
Afborganir síðar	<u>2.626.943</u>
	8.654.092

Langtímaskuldir samtals kr. 8.654.093,- koma þannig fram í efnahagsreikningi:

Afborganir mars 2022 - febrúar 2023, færðar meðal skammtímaskulda.....	451.227
Afborganir með gjalddaga eftir eitt ár eða síðar	<u>8.202.865</u>
	8.654.092

Hluti langtímaskulda er háður sérstökum viðmiðunum um eigið fé, framlegð og skuldsetningarhlutfall. Í lok árs stóðust allir lánaskilmálar lánasamninga.

Skýringar (framhald)

14. Tekjuskattsskuldbinding

Breyting tekjuskattsskuldbindingarinnar á árinu greinist þannig:	2021 - 2022	2020 - 2021
Tekjuskattsskuldbinding í byrjun árs	1.815.110	1.739.496
Reiknaður tekjuskattur ársins	371.568	228.277
Áhrif vegna yfirverðs á fasteign	(8.232)	(8.232)
Tekjuskattur til greiðslu	<u>(236.034)</u>	<u>(144.431)</u>
	1.942.412	1.815.110

Tekjuskattsskuldbinding (-inneign) samstæðunnar greinist þannig á eftirfarandi liði:	2021 - 2022	2020 - 2021
Varanlegir rekstrarfjármunir	389.514	294.813
Óefnislegar eignir	1.382.128	1.365.239
Birgðir	23.649	17.294
Viðskiptakröfur	(17.832)	(9.198)
Gengismunur	(1.008)	(13.947)
IFRS 16 áhrif	(829)	0
Yfirfæranlegt skattlegt tap	(40.319)	(82.635)
Aðrir liðir	<u>207.110</u>	<u>243.544</u>
	1.942.412	1.815.110

Tekjuskattsskuldbinding svarar að jafnaði til þess tekjuskatts sem eftir gildandi skattalögum kæmi til greiðslu ef eignir sam-stæðunnar væru seldar eða innleystar á bókfærðu verði.

	2021 - 2022	2020 - 2021
Tekjuskattur til greiðslu	236.033	144.431
Frestaður tekjuskattur	<u>135.534</u>	<u>83.846</u>
	371.568	228.277

Reiknaður tekjuskattur samstæðunnar af hagnaði fyrir skatta (virkur tekjuskattur) er frábrugðinn þeirri fjárhæð sem kæmi út ef tekjuskattshlutfall er notað til útreikningsins sem hér greinir:

	2021 - 2022	2020 - 2021
Hagnaður fyrir skatta	<u>2.075.500</u>	<u>954.028</u>
Reiknaður tekjuskattur miðað við 20% skatthlutfall	415.100	190.806
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага	(4.727)	9.477
Áhrif vegna yfirverðs á fasteign	6.586	6.586
Leiðrétting vegna fyrri ára	(45.402)	0
Ófrádráttarbær gjöld	<u>11</u>	<u>21.408</u>
	371.568	228.277

Ójafnað skattalegt tap samstæðunnar í árslok, sem heimilt er að flytja áfram samkvæmt skattalögum nemur 201,59 millj. kr. Skattalegt tap nýttist til frádráttar hagnaði næstu tíu ár eftir að það myndast.

Yfirfæranlegt skattalegt tap í árslok er nýtanlegt sem hér segir:

Tap ársins 2016, nýtanlegt til ársloka 2026	78.783
Tap ársins 2017, nýtanlegt til ársloka 2027	21.992
Tap ársins 2018, nýtanlegt til ársloka 2028	<u>100.822</u>
	201.598

Skýringar (framhald)

15. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir greinast þannig í lok árs:

	28.02.2022	28.02.2021
Innlendar viðskiptaskuldir	1.474.656	1.191.924
Erlendar viðskiptaskuldir	832.203	670.994
	<u>2.306.859</u>	<u>1.862.918</u>

Aðrar skammtímaskuldir greinast þannig í lok árs:

	28.02.2022	28.02.2021
Ógreidd laun og launatengd gjöld	684.795	588.896
Ógreiddir áfallnir vextir	41.062	31.850
Aðrar skuldir	1.668.089	1.056.052
	<u>2.393.946</u>	<u>1.676.798</u>

16. Ábyrgðir og önnur mál

Rekstrarstöðvunartrygging:

Félagið hefur keypt rekstrarstöðvunartryggingu sem ætlað er að bæta tjon vegna rekstrarstöðvunar í allt að 12 mánuði á grundvelli skilmála um eignartryggingar. Tryggingarfjárhæðin nemur allt að 6.731 millj.króna.

17. Tengdir aðilar

Skilgreining tengdra aðila

Tengdir aðilar eru þeir sem eiga 20% eða meira í félaginu, hlutdeildarfélag, dótturfélag, stjórnarmenn og nánir fjölskyldumeðlimir, framkvæmdastjóri, forstjóri ásamt mökum þeirra og fjárhagslega tengdum aðilum. Viðskipti milli félagsins og dótturfélaga þess, sem eru skilgreind sem tengdir aðilar, hafa verið færð út í samstæðureikningsskilum og ekki tekin með í þessari skýringu.

	2021 - 2022	2020 - 2021
Viðskipti við tengda aðila greinast þannig:		
Seldar vörur og þjónusta.....	291.460	155.555
Keyptar vörur og þjónusta	14.065	7.406
Viðskiptakröfur í lok rekstrarárs	70.076	59.731
Viðskiptaskuldir í lok rekstrarárs	1.377	5.497
	<u>376.978</u>	<u>228.189</u>

Laun og hlunnindi forstjóra, lykilstjórnenda og stjórnar samstæðunnar greinast þannig:

2021-2022

	Laun og hlunnindi	Mótframl. í lífeyrissjóð	Hlutfjáreign
Októ Einarsson, stjórnarformaður**	64.550	13.887	225.974
Hermann Már Þórisson, stjórnarformaður***	2.694		705.402
Rannveig Eir Einarsdóttir, stjórnarformaður	2.774	319	161.476
Jóhannes Hauksson, stjórnarformaður****	2.760		512.249
Sylvía Ólafsdóttir, fyrrverandi stjórnarformaður	600	69	
Berglind Ósk Guðmundsdóttir, stjórnarformaður	2.260	260	
Andri Þór Guðmundsson, forstjóri	55.716	11.319	225.974
Lykilstjórnendur (7)*	249.885	33.301	40.670

*Um er að ræða 6 stjórnendur hjá móðurfélagi Ölgerðarinnar auk framkvæmdastjóra Danól ehf. Einn af lykilstjórnendum Ölgerðarinnar og framkvæmdastjóri Danól ehf létu af störfum 1. mars 2022 og er kostnaður vegna starfslokanna inn í þessum fjárhæðum.

**Stjórn Ölgerðarinnar hefur á undanförunum árum samið við stjórnarformann félagsins um að hann taki að sér verkefni sem eru utan hefðbundins starfssviðs stjórnarformanns og hefur verið upplýst um það á aðalfundum félagsins. Þann 8. febrúar 2022 samþykkti stjórn Ölgerðarinnar að stjórnarformaðurinn taki að sér það verkefni að undirbúa félagið fyrir skráningu á markað og forvinna þau mál sem stjórn þarf að taka til umræðu og ákvörðunar. Kostnaður vegna þessa verkefnis gjaldfærast á fjárhagsárinu 2021-2022 meðal launa- og launatengdra gjalda.

***Fyrir stjórnarsetu er greitt til Horns III slhf. samkv. reikningi. Hlutfjáreign miðast við eignarhlut Horns III slhf.

****Fyrir stjórnarsetu er greitt til Íslandssjóða hf. samkv. reikningi. Hlutfjáreign miðast við eignarhlut Akurs ÖES ehf.

Skýringar (framhald)

17. Tengdir aðilar (framhald)

2020-2021

	Laun og hlunnindi	Mótraml. í lífeyrissjóð	Hlutfjáreign
Októ Einarsson, stjórnarformaður**	37.982	7.754	365.974
Hermann Már Þórisson, stjórnarmaður***	2.479		705.402
Rannveig Eir Einarasdóttir, stjórnarmaður***	2.529	291	161.476
Jóhannes Hauksson, stjórnarmaður****	2.529		512.249
Sylvía Ólafsdóttir, stjórnarmaður	2.529	291	
Andri Þór Guðmundsson, forstjóri	50.455	10.214	365.974
Lykilstjórnendur (7)*	199.431	26.676	45.370

*Um er að ræða 6 stjórnendur hjá móðurfélagi Ölgerðarinnar auk framkvæmdastjóra Danól ehf.

**Stjórn Ölgerðarinnar hefur á undanförunum árum samið við stjórnarformann félagsins um að hann taki að sér verkefni sem eru utan hefðbundins starfssviðs stjórnarformanns og hefur verið upplýst um það á aðalfundum félagsins.

***Fyrir stjórnarsetu er greitt til Horns III slhf. samkv. reikningi. Hlutfjáreign miðast við eignarhlut Horns III slhf.

****Fyrir stjórnarsetu er greitt til Íslandssjóða hf. samkv. reikningi. Hlutfjáreign miðast við eignarhlut Akurs ÖES ehf.

18. Flokkar fjármálagerninga

Fjáreignir og fjárskuldir samstæðunnar eru eftirfarandi:

Fjáreignir	2021 - 2022	2020 - 2021
Fjáreignir á afskrifuðu kostnaðarverði		
Skuldabréf og áhættufjármunir.....	417.142	312.025
Viðskiptakröfur.....	2.256.868	1.831.501
Aðrar skammtímakröfur.....	32.217	139.213
Kröfur á hlutdeildarfélag.....	69.020	64.943
Handbært fé.....	658.974	690.751
	<u>3.434.221</u>	<u>3.038.433</u>
Fjárskuldir	2021 - 2022	2020 - 2021
Fjárskuldir á afskrifuðu kostnaðarverði:		
Viðskiptaskuldir og skuldir við tengd félög.....	2.306.859	1.862.918
Aðrar skammtímaskuldir	2.393.946	1.676.798
Langtímaskuldir.....	8.202.865	8.586.249
Skammtímaskuldir við lánastofnanir og næsta árs afborgun langtímaskulda.....	678.709	451.465
	<u>13.582.379</u>	<u>12.577.430</u>

Skýringar (framhald)

19. Fjárhagsleg áhættustýring

Starfsemi Ölgerðarinnar hefur í för með sér margvíslega fjárhagslega áhættu s.s. breytingar á gengi erlendra gjaldmiðla, vaxtabreytingar, áhættu vegna lánsviðskipta og lausafjárahættu. Fyrrgreindir þættir geta haft áhrif á afkomu samstæðunnar og virði hennar. Áhættustýring Ölgerðarinnar miðar m.a. að því að greina, meta og stýra þessum áhættuþáttum.

Stjórn og framkvæmdastjóri móðurfélagsins hefur eftirlit með áhættustýringu samstæðunnar. Markmið samstæðunnar með áhættustýringu er að uppgötva, skilgreina og greina áhættu sem hún býr við, setja viðmið um áhættutöku og hafa eftirlit með henni. Aðferðir við áhættustýringu eru yfirfarnar reglulega til að endurspeglar breytingar á markaðsaðstæðum og starfsemi samstæðunnar. Það getur haft neikvæð áhrif á samstæðuna ef eftirlit og öryggisráðstafanir reynast vera ófullnægjandi.

Eftirfarandi áhættuþættir fylgja fjármálagerningum samstæðunnar:

Markaðsáhætta

- Gjaldmiðla- og uppgjörsáhætta
- Vaxta- og fjármögnunaráhætta

Lánsáhætta

Lausafjárahætta

Rekstraráhætta

Hér eru veittar upplýsingar um framangreinda áhættuþætti, markmið, stefnu og aðferðir samstæðunnar við að meta og stýra áhættunni, auk upplýsinga um eiginfjárstýringu hennar.

19.1 Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hættan á því að breytingar á markaðsverði erlendra gjaldmiðla og vöxtum hafi áhrif á afkomu samstæðunnar eða virði fjárfestinga hennar í fjármálagerningum. Önnur markaðsáhætta er takmörkuð, þar sem fjárfestingar í skuldabréfum og eignarhlutum eru óverulegur hluti af starfsemi samstæðunnar. Markmið með stýringu markaðsáhættu er að stýra og takmarka áhættu við skilgreind mörk, jafnframt því sem ábati er hámarkaður.

19.1 a Gjaldmiðla- og uppgjörsáhætta

Gjaldmiðlaáhætta er talin vera fjárhagslegur áhættuþáttur í rekstri samstæðunnar. Gjaldmiðlaáhætta er hættan á því að breytingar á markaðsverði erlendra gjaldmiðla hafi áhrif á afkomu samstæðunnar í tengslum við handbært fé, erlend innkaup og útflutning, eignarhlut í hlutdeildarfélögum og gjaldmiðlaskiptasamninga. Markmið með stýringu gjaldmiðlaáhættu er að takmarka áhættu við skilgreind mörk, jafnframt því sem ábati er hámarkaður.

Bókfært verð eigna og skulda sem háðar eru gengisáhættu greinist þannig í lok árs:

Árið 2021 - 2022

	EUR	DKK	USD	Aðrir gjaldmiðlar
Skuldabréf og áhættufjármunir	0	0	0	0
Viðskiptakröfur	41.161	124.561	0	25.016
Handbært fé	150	659	5.345	580
Aðrar skammtímakröfur	0	0	0	0
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum	0	0	452.427	0
Skuldir við lánastofnanir	0	0	0	0
Viðskiptaskuldir	(199.602)	0	(13.346)	(155.751)
Aðrar skammtímaskuldir og ógr. skattar	0	0	0	0
	(158.291)	125.220	444.426	(130.155)
Gjaldmiðla- og vaxtaskiptas. (höfuðstóll)	0	0	(631.600)	0

Á árinu var gerður gjaldmiðla- og vaxtaskiptasamningur á móti eignarhlut félagsins í Iceland Spring (sjá skýringu 9). Félagið beitir áhættuvarnarreikningsskilum á gengismun sem myndast vegna þýðingar reikningsskila erlendar starfsemi úr USD yfir í ISK. Að því marki sem vörn er virk, er gengismunur vegna fjárskuldar færður á þýðingarmun meðal eigin fjár.

Árið 2020 - 2021

	EUR	DKK	USD	Aðrir gjaldmiðlar
Skuldabréf og áhættufjármunir	0	0	0	0
Viðskiptakröfur	30.778	41.467	2.998	7.201
Handbært fé	7.861	2	2	108.697
Aðrar skammtímakröfur	0	0	0	0
Skuldir við lánastofnanir	0	0	0	0
Viðskiptaskuldir	(329.209)	(37.540)	(10.901)	0
Aðrar skammtímaskuldir og ógr. skattar	0	0	0	0
	(290.570)	3.929	(7.901)	115.898

Uppgjörsáhætta felst í þeim eignum og skuldum samstæðunnar sem bókfærðar eru í erlendum gjaldmiðlum og endurspeglast í gengisliðum í rekstrarreikningi. Uppgjörsáhætta samstæðunnar telst ekki vera veruleg.

Skýringar (framhald)

19. Fjárhagsleg áhættustýring (framhald)

19.1 a Gjaldmiðla- og uppgjörshættu (framhald)

Næmnigreining

Styrking krónunnar (ISK) um 10% gagnvart eftirtöldum gjaldmiðlum þann 28. febrúar hefði breytt afkomu samstæðunnar fyrir tekjuskatt um eftirfarandi fjárhæðir. Greiningin byggir á að allar aðrar breytur, sérstaklega vextir, haldist óbreyttar.

	2021 - 2022	2020 - 2021
ISK	0	0
EUR	15.829	29.057
DKK	(12.522)	(393)
USD	(44.443)	790
Aðrir gjaldmiðlar	13.016	(11.590)
	<u>(28.120)</u>	<u>17.864</u>

19.1 b Vaxta- og fjármögnunaráhætta

Vaxtaáhætta felst í því þegar vextir á eignum og skuldum breytast ekki á sama tíma. Gengishreyfingar, verðbólga og verðbólguvæntingar kunna að hafa áhrif á vaxtastig og þar með fjármagnsliði samstæðunnar. Samstæðan býr við vaxtaáhættu vegna vaxtagreiðslna af skuldum og vaxtaberandi eignum. Vaxtaform skulda og eigna samstæðunnar eru breytilegir vextir í íslenskum krónum. Hluta af skuldum félagsins var breytt á árinu í fasta USD vexti með vaxta- og gjaldmiðlasamningi. Greiðsluáhætta vegna vaxta er þríþætt, gengishætta, verðbólguáhætta og hækkun breytilegra vaxta.

Breytilegir vextir langtímalána á árinu 2021 - 2022 hafa verið lágir í sögulegu samhengi. Miðað við stöðu í árslok hefðu áhrif 1% hækkunar eða lækkunar breytilegra vaxta á rekstrareikninginn verið 80,2 mkr.

Þegar endurskoðunartími fastvaxta lána samstæðunnar nálgast getur félagið séð hvort greiðslubyrði hækki og þar með gripið til ráðstafana. Áhætta varðandi endurfjármögnun er alltaf til staðar hjá félögum sem eru fjármögnuð með lántökum. Bæði er til staðar hættu á því að samstæðan nái ekki að fjármagna sig á sambærilegum eða betri kjörum og áður og einnig hættan á því að samstæðan takist ekki að endurfjármagna lán sín fyrir gjalddaga eða semja um áframhaldandi fjármögnun og geti því mögulega ekki staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar.

19.2 Lánsáhætta / útlánahætta

Lánsáhætta er hættan á að samstæðan verði fyrir fjárhagslegu tapi ef viðskiptamaður eða mótaðili í viðskiptum getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar. Lánsáhætta samstæðunnar er vegna handbærs fjárs, viðskiptakrafna, krafna á tengda aðila, skuldabréfaeignar og annarra skammtímakrafna og ræðst einkum af fjárhagsstöðu og starfsemi mótaðila. Stjórnendur samstæðunnar fylgjast með innheimtu viðskiptakrafna með reglubundnum hætti og eru kröfurnar færðar niður ef talið er að þær muni ekki innheimtast að fullu.

Samstæðan beitir aðferðum, sem tilgreindar eru í skýringu 2.2, við að meta viðskiptakröfur og hugsanlega virðisrýrnun þeirra. Í skýringu 10 er að finna upplýsingar um fjárhæð viðskiptakrafna og niðurfærslu þeirra. Í árslok er óverulegur hluti krafna í vanskilum. Söguleg töp krafna eru afar lág.

Mögulegt tap vegna lánsáhættu

Mesta mögulega tap samstæðunnar vegna fjáreigna er bókfært verð þeirra, sem var eftirfarandi í árslok:

	28.02.2022	28.02.2021
Viðskiptakröfur, skuldabréfaeign og aðrar skammtímakröfur	2.706.227	2.282.740
Kröfur á hlutdeildarfélög	69.020	64.943
Handbært fé	658.974	690.751
	<u>3.434.221</u>	<u>3.038.434</u>

Skýringar (framhald)

19. Fjárhagsleg áhættustýring (framhald)

19.3 Lausafjárahætta

Lausafjárahætta er hættan á því að samstæðan geti ekki staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar eftir því sem þær gjaldfalla. Markmið samstæðunnar er að stýra lausafé þannig að tryggt sé að hún hafi alltaf nægt laust fé til að mæta skuldbindingum sínum eftir því sem þær gjaldfalla og forðast þannig að skaða orðspor samstæðunnar. Lausafjárstaða samstæðunnar er sterk eins og sjá má af efnahagsreikningi og er það stefna samstæðunnar að halda þeirri stöðu sterkri.

Handbært fé 28.2.2022 nam um 658 milljónum ISK og hefur samstæðan möguleika á skammtímalánalínunum ef þörf er á. Samstæðan leitast við að eiga nægt fé til þess að standa straum af afborgunum lána. Minnki aðgangur samstæðunnar að lausafé getur það haft neikvæð áhrif á sjóðstreymi og afkomu og þar með getu samstæðunnar til að standa við skuldbindingar sínar. Félög samstæðunnar hafa aðgengi að lánsloforði frá viðskiptabanka félaganna að fjárhæð 2.500 mkr til að fjármagna tiltekna framkvæmdir sem eru þegar hafnar. Þann 28.02.2022 var 208 mkr af því lánsloforði notað.

Eftirfarandi yfirlit sýnir fjárskuldir samstæðunnar annarra en afleiðuskulda og ónúvirt framtíðar sjóðflæði vegna þeirra skulda. Fjárflæði miðast við kjör lánasamninga í árslok.

	Bókfært verð	Umsamið sjóðstreymi	Innan 1 árs	1-2 árs	2-5 ár	Meira en 5 ár
Árið 2021 - 2022						
Óverðtryggt lán	8.654.094	10.850.928	931.651	905.931	6.012.064	3.001.282
Húsaleiguskuldbinding.....	143.039	163.003	19.959	20.305	68.193	54.545
Viðskiptaskuldir.....	2.306.859	2.306.859	2.306.859	0	0	0
Aðrar skammtímask.....	2.837.504	2.837.504	2.837.504	0	0	0
	<u>13.941.496</u>	<u>16.158.293</u>	<u>6.095.973</u>	<u>926.236</u>	<u>6.080.257</u>	<u>3.055.827</u>
Árið 2020 - 2021						
Óverðtryggt lán.....	9.037.714	10.189.161	794.252	5.796.671	727.664	2.870.574
Húsaleiguskuldbinding.....	166.717	166.716	17.477	17.663	59.316	72.260
Viðskiptaskuldir.....	1.862.918	1.862.918	1.862.918	0	0	0
Aðrar skammtímask.....	1.821.229	1.821.229	1.821.229	0	0	0
	<u>12.888.578</u>	<u>14.040.024</u>	<u>4.495.876</u>	<u>5.814.334</u>	<u>786.980</u>	<u>2.942.834</u>

19.4 Rekstraráhætta

Rekstraráhætta getur leitt til beins eða óbeins taps sem getur orðið vegna fjölda þátta í starfsemi samstæðunnar. Meðal áhættuþátta er vinna starfsmanna samstæðunnar, tækni og skipulag sem beitt er, og ytri þættir aðrir en láns-, markaðs- og lausafjárahætta. Rekstraráhætta myndast við alla starfsemi samstæðunnar.

Samstæðan býr við áhættu vegna verðbreytinga á aðkeyptri vöru og þjónustu.

Stjórn og stjórnendur samstæðunnar leitast við að stýra rekstraráhættu með hagkvæmum hætti til að forðast fjárhagslegt tap og til að vernda orðstír hennar. Til að draga úr rekstraráhættu er meðal annars komið á viðeigandi aðskilnaði starfa, eftirliti með viðskiptum og fylgni við lög, starfsmenn þjálfaðir, verkferlar skipulagðir og skráðir og tryggingar keyptar þegar við á.

Stjórnendur framkvæmda áhættumat árlega og leggja út aðgerðir til að lágmarka rekstraráhættu.

19.5 Eiginfjárstýring

Það er stefna stjórnar félagsins að eiginfjárstaða samstæðunnar sé sterk til að styðja við stöðugleika í framtíðarþróun starfseminnar. Eiginfjárlutfall samstæðunnar var um 30% í lok árs.

20. Þóknun endurskoðenda

Þóknun til endurskoðenda greinist þannig:

Endurskoðun samstæðuársreiknings og ársreikninga dótturfélaga:	2021 - 2022	2020 - 2021
Endurskoðun og staðfestingarvinna.....	11.675	10.217
Önnur þjónusta.....	3.908	6.820
	<u>15.583</u>	<u>17.037</u>

21. IFRS 16 Leigusamningar

Staðallinn leiðir til þess að nánast allir leigusamningar eru færðir í efnahagsreikningi leigutaka vegna þess að meðferð rekstrar- og fjármögnunarleigusamninga er ekki lengur mismunandi. Samkvæmt nýja staðlinum er eign (réttur til að nota hina leigðu eign) og skuld vegna greiðslu leigu færð í efnahagsreikning.

Leigugeignir greinast þannig frá upphafi til loka árs:

Leigugeignir 1. mars 2021	161.691
Aðrar breytingar á tímabilinu.....	7.048
Afskriftir á tímabilinu.....	(21.378)
Verðbætur á tímabilinu.....	6.267
Leigugeign 28. febrúar 2022	<u>153.629</u>

Leiguskuldir greinast þannig:

Afborganir næstu ára	
Afborganir innan ársins (flokkuð meðal næstu árs afb. langtímask)	19.959
Afborganir eftir 1-2 ár	20.305
Afborganir eftir 2-3 ár	21.472
Afborganir eftir 3-4 ár	22.706
Afborganir eftir 4-5 ár	24.011
Afborganir síðar	54.545
Samtals	<u>162.998</u>

22. Atburðir eftir lok reikningsárs

Þann 14. mars 2022 barst Danól ehf. bréf frá Skattinum, Skatturinn, kt. 540269-6029, Laugavegi 166, 105 Reykjavík, („Skatturinn“), um fyrirhugaða endurákvörðun tollgæslu skattsins. Er m.a. vísað til dóms Landsréttar í máli nr. 462/2021 til stuðnings endurákvörðuninni. Fyrirhuguð endurákvörðun er vegna innflutnings vöru á árunum 2019 og 2020. Við innflutning vörunnar á sínum tíma var tollafgreiðsla byggð á flokkun í tollskrárnúmer 2106.9068 en sá liður ber heitið „Jurtaostur“ en undir liðunum 2106 eru ýmis matvæli og fjallar 21. kafli tollskrár um ýmsa matvælaframleiðslu. Tollyfirvöld telja þá tollflokkun ranga og endurskoðunardeild Skattsins metur viðkomandi vöru í tollskrárnúmer 0406.2000. Fjárhæð endurálagningar er áætluð 151 m.kr. að viðbættu 50% álagi og dráttarvöxtum. Í ársreikningi 2021 eru áætlaðir dráttarvextir gjaldfærðir meðal fjármagnsgjalda en fyrirhuguð endurálagning með álagi vegna árána 2019 og 2020, samtals 227 mkr er færð til lækkunar á eign fé Danól ehf. Félagið hefur mótmælt fyrirhugaðri endurálagningu með andmælabréfi til Skattsins. Einnig er fjallað um málið í skýrslu stjórnar.

23. Stjórnarháttayfirlýsing (óendurskoðað)

Stjórnarhættir

Helstu lög sem tengjast stjórnarháttum og gilda um Ölgerðina eru lög um hlutafélög nr. 2/1955 og lög um ársreikningalög nr. 3/3006.

Félagið fylgir Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland hf. og Samtökum atvinnulífsins en 6. útgáfa leiðbeininganna var gefin út 2021. Stjórn Ölgerðarinnar starfar eftir starfsreglum sem byggðar eru á umræddum leiðbeiningum. Starfsreglurnar voru síðast uppfærðar þann 15. janúar 2020 og má finna á heimasíðu Ölgerðinnar, olgerdin.is. Viðauki við starfsreglur stjórnar er endurmetinn árlega, síðast 24. júní 2021. Leiðbeiningarnar má finna á leiðbeiningar.is.

Frávik frá leiðbeiningum

Fjórir af fimm stjórnarmönnum eru fulltrúar hluthafa. Kynningar á stjórnarmönnum má finna hér fyrir neðan.

Formaður stjórnar hefur í samræmi við ákvörðun stjórnar, tekið að sér ýmis verkefni fyrir félagið í samræmi við starfslýsingu hans. Til að sinna þessum verkefnum hefur hann aðsetur á skrifstofu félagsins. Þau verkefni sem formaður tekur að sér vinnur hann í nánú samstarfi við forstjóra og aðra framkvæmdastjóra hjá félaginu. Frá og með 28. febrúar 2022 mun Októ Einarsson stjórnarformaður eingöngu sinna stjórnarstörfum.

Ölgerðin hefur ekki birt upplýsingar til hluthafa í samræmi við leiðbeiningarnar þar sem félagið er ekki skráð á markað.

Ekki er til staðar tilnefningarnefnd. Til stendur að skrá félagið á markað og í framhaldi verður kannað hvort stofnuð verður tilnefningarnefnd.

Innra eftirlit og áhættustýring

Innra eftirlit er ætlað að stuðla að því að félagið nái markmiðum sínum. Innra eftirlit er samvinnuátt allri starfsemi félagsins og er hluti af stjórnkerfi félagsins þar sem hlutverk, völd og ábyrgð eru skilgreind. Áhættustjórnun er hluti af innra eftirliti en áhættustjórnun er einn af lykilþáttum félagsins. Undir áhættustjórnun fellur gæðastjórnun og er gæðastjórnunarkerfi Ölgerðarinnar vottað samkvæmt ISO 9001 og FSSC 22000. Virkt og vel hannað innra eftirlit dregur úr áhættum m.a. við samningu reikningsskila. Til staðar er viðeigandi aðgreining starfa, framkvæmdar eru greiningar en árlega gerir hvert svið félagsins áætlun fyrir rekstur næsta árs.

Eitt af hlutverkum endurskoðunarnefndar er að hafa eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila og virkni innra eftirlits og áhættustýringar. Rekstur félagsins í heild og hvers sviðs er gerður upp mánaðarlega, en það gerir stjórn félagsins kleift að bera árangur saman við áætlanir, fylgjast með breytingum í rekstri og grípa til aðgerða ef um verulega neikvæðar breytingar er að ræða. Sama gildir um efnahags- og sjóðstremmisáætlanir fyrir félagið í heild.

Samsetning og starfsemi stjórnar og framkvæmdastjórnar

Stjórn

Stjórn félagsins skipa fimm aðalmenn og fjórir varamenn og voru þeir kjörnir til eins árs á aðalfundi félagsins fyrir starfsárið sem lauk 28. febrúar 2022. Stjórn kaus sér formann og varaformann úr hópi stjórnarmanna. Á rekstrar- og fjárhagssárinu sem lauk 28. febrúar 2022 voru haldnir 20 stjórnarfundir. Full mæting var á 15 fundi.

Októ Einarsson (1962) er stjórnarformaður Ölgerðarinnar. Hann er viðskiptafræðingur frá California State University, Sacramento og hefur starfað við innflutning og heildsölu frá 1987. Októ hefur verið formaður stjórnar Ölgerðarinnar frá apríl 2002, ásamt því að vera í stjórnum Nýjabæjar ehf., OA eignarhaldsfélags hf., Lind ehf. og Íslensk Eirlenda ehf. Októ á 50% hlut í OA eignarhaldsfélagi hf. sem á 16,1% hlut í ÖES. Októ hefur ekki gert kaupréttarsamning við fyrirtækið. Októ telst því vera háður félaginu.

Hermann Már Þórisson (1972) er forstöðumaður sérhæfðra fjárfestinga hjá Landsbréfum. Hann er annar af framkvæmdastjórn Horns III sem á 25,1% hlut í Ölgerðinni og Horns IV. Því er hann háður stórum hluthöfum félagsins. Áður starfaði hann sem framkvæmdastjóri Horns Fjárfestingarfélags og Horns II. Hermann er með BSc gráðu í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands. Hermann hefur verið varaformaður stjórnar Ölgerðarinnar frá apríl 2017. Hermann situr í stjórn eftirtaldrar fyrirtækja á vegum Landsbréfa: Hvaleyri hf., Hópbílar hf., Hagvagnar ehf., Bílaleiga Flugleiða ehf., GoPro ehf., Landsbréf – Hvatning slhf., Eldum rétt ehf., Pac 1501 ehf., Destination blue lagoon ehf., Reykjavík Sightseeing ehf., Bushostel ehf., Hermann á engin hlutabréf í ÖES. Engin hagsmunatengsl eru við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins.

Jóhannes Hauksson (1963). Hann viðskiptafræðingur frá HÍ og með próf í verðbréfavíðskiptum. Hann hefur starfað hjá Íslandsjóðum og Íslandsbanka frá árinu 1999. Jóhannes er forstöðumaður sérhæfðra fjárfestinga hjá Íslandssjóðum og sjóðstjóri Akurs fjárfestinga slhf. sem á 18,2% hlut í Ölgerðinni. Því er hann háður stórum hluthöfum félagsins. Jóhannes hefur verið stjórnarmaður í Ölgerðinni frá apríl 2017. Hann situr í stjórn eftirtaldrar fyrirtækja á vegum Íslandssjóða: Steinasalir ehf., Miðborg F skrifstofur ehf., Miðborg F íbúðir ehf., Miðborg F hótél ehf., Miðborg D ehf., Miðborg C verslun ehf., Miðborg C íbúðir ehf., Miðborg B ehf., Lögmannsstofan Agni ehf., L1100 ehf., Hveradalir ehf., GL Iceland ehf., Fáfnir Offshore hf., BBL 45 ehf., Allrahanda GL ehf., Allrahanda fjárfestingar ehf., Akur ÖES ehf., Akur GP ehf., Akur FO ehf., 105 Miðborg slhf., 105 Miðborg GP ehf. og 105 Miðborg fasteignaumsýsl ehf. Engin hagsmunatengsl eru við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins.

Berglind Ósk Guðmundsdóttir (1980) er lögfræðingur og sjálfstætt starfandi ráðgjafi og er sérsvið hennar stjórnarhættir fyrirtækja (corporate governance). Áður starfaði hún sem verkefnastjóri á ráðgjafasviði KPMG og var ritstjóri Handbókar stjórnarmanna. Berglind lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 2005. Berglind á engin hlutabréf í ÖES. Berglind hefur verið stjórnarmaður í Ölgerðinni frá maí 2021. Engin hagsmunatengsl eru við stóra hluthafa, helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins. Berglind telst því vera óháð félaginu og stórum hluthöfum.

Rannveig Eir er forstjóri og eigandi Reir Verk ehf. byggingafélags en starfaði sem forstöðumaður hjá Icelandair frá 2000 – 2015. Hún tók þátt í byggingu og stofnun Sandhótelis við Laugaveg sem nú er rekið af KEA hótels. Rannveig Eir hefur víðtæka reynslu af stjórnun og stefnumótun og hefur setið í stjórnnum nokkurra fyrirtækja. Rannveig Eir er viðskiptafræðingur MBA frá Háskóla Íslands.

Reglulega er framkvæmt árangursmat á störfum stjórnar og voru helstu þættir árangursmatsins; stjórnarfundir, verkefni stjórnar, upplýsingagjöf, stefnumótun og framtíðarsýn, áhættustjórnun, stjórnarmenn, stjórnarformaður og forstjóri. Í framhaldi var gerð aðgerðaráætlun en matið kom almennt vel út.

Framkvæmdastjórn

Andri Þór Guðmundsson (1966) er forstjóri Ölgerðarinnar. Hann útskrifaðist sem viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands árið 1992 og sem MBA frá Rotterdam School of Management árið 2002. Andri hóf störf hjá Ölgerðinni árið 2002, fyrst sem framkvæmdastjóri fjármála og síðan sem forstjóri frá nóvember 2004. Áður starfaði hann við markaðsmál og fjármál hjá Almenna bókafélaginu og Lýsi hf. Andri á 50% hlut í OA eignarhaldsfélagi hf. sem á 16,1% hlut í Ölgerðinni.

Forstjóri Ölgerðarinnar fer með stjórn á daglegum rekstri félagsins og kemur fram fyrir hönd þess í öllum málum sem varða venjulegan rekstur.

Núverandi framkvæmdastjórn félagsins er skipuð framkvæmdastjórum félagsins ásamt forstjóra. Eftirfarandi aðilar skipa framkvæmdastjórn;

Andri Þór Guðmundsson, forstjóri,
Gunnar B. Sigurgeirsson, aðstoðarforstjóri,
Jón Þ. Oddleifsson, fjármál, mannauður og upplýsingatækni
Margrét Arnardóttir, framleiðsla
Gunnlaugur E. Briem, vörustjórnun
Óli Rúnar Jónsson, markaðsmál
Guðmundur P. Ólafsson, Egils sölusvið óáfengir drykkir
Valur Á Valsson, Egils sölusvið áfengir drykkir og kaffikerfi
María Jóna Samúelsdóttir, framkvæmdastjóri Danól ehf

Undirnefndir

Endurskoðunarnefnd er eingöngu til ráðgjafar en getur ekki tekið ákvörðun fyrir hönd stjórnar. Endurskoðunarnefnd er skipuð af stjórn Ölgerðarinnar og skal halda a.m.k. einn fund með endurskoðanda félagsins á hverju ári þar sem farið er yfir endurskoðaða ársreikninga og endurskoðunarskýrslu.

Á fjárhagsárinu 2021 var endurskoðunarnefnd skipuð öllum stjórnarmönnum. Einn fundur endurskoðunarnefndar var haldinn á árinu. Nýlega hefur verið skipuð ný endurskoðunarnefnd og hana skipa Margrét G. Flóvenz sem er formaður nefndarinnar, Berglind Ósk Guðmundsdóttir, stjórnarmaður og Hermann Már Þórisson, stjórnarmaður.

Starfskjaranefnd er kosin af stjórn félagsins og er einn af þremur meðlimum hennar óháður félaginu. Starfskjaranefnd skipa Ingunn Björk Vilhjálmisdóttir sem er formaður, Jóhannes Hauksson, stjórnarmaður og Rannveig Eir Einarsdóttir stjórnarmaður. Starfskjaranefnd er stjórn til ráðgjafar hvað varðar starfskjarastefnu félagsins. Starfskjaranefnd fundaði tvisvar á rekstrarárinu.

Upplýsingar um brot á lögum og reglum

Þann 14. mars 2022 barst Danól ehf. bréf frá Skattinum, Skatturinn, kt. 540269-6029, Laugavegi 166, 105 Reykjavík, („Skatturinn“), um fyrirhugaða endurákvörðun tollgæslu skattsins. Fyrirhuguð endurákvörðun er vegna innflutnings vöru á árunum 2019 og 2020. Við innflutning vörunnar á sínum tíma var tollafgreiðsla byggð á flokkun í tollskrárnúmer 2106.9068 en sá liður ber heitið „Jurtaostur“ en undir kafla 2106 eru ýmis matvæli og fjallar 21. kafla tollskrár um ýmsa matvælaframleiðslu. Tollyfirvöld telja þá tollflokkun ranga og endurskoðunardeild Skattsins metur viðkomandi vöru í tollskrárnúmer 0406.2000. Fjárhæð endurálagningar er áætluð 151 m.kr. að viðbættu 50% álagi og dráttarvöxtum. Félagið hefur mótmælt fyrirhugaðri endurálagning með andmælabréfi til Skattsins.

Fyrirkomulag samskipta hluthafa og stjórnar

Stærstu hluthafar eiga fulltrúa í stjórn Ölgerðarinnar. Stjórnarformaður Ölgerðarinnar, í samráði við forstjóra, annast milligöngu milli stjórnar og stærstu hluthafa félagsins.

24. Ófjárhagsleg upplýsingagjöf (óendurskoðað)

Um Ölgerðina

Ölgerðin Egill Skallagrímsson hf. er íslenskt hlutafélag og starfar í samræmi við lög um hlutafélög nr. 2/1995. Tilgangur félagsins er sala, framleiðsla og dreifing á öli, gosdrykkjum og öðrum drykkjartegundum er leyfðar eru samkvæmt lögum, innflutningsverslun og umboðssala svo og kaup og sala alls konar verðbréfa auk þess að eiga og reka fasteignir og lánastarfsemi.

Ölgerðin hefur sett sér stefnu á sviði sjálfbærni og leggja stjórn og stjórnendur áherslu á að starfsemi félagsins sé í samræmi við stefnuna og vinna markvisst að umbótum á því sviði. Sjálfbærnivinna styður við þá framtíðarstefnu félagsins um að verða fyrsta val viðskiptavina og neytenda. Félagið hefur skilgreint fjóra strauma til að ná fram framtíðarsýn sinni en þeir eru sjálfbærni, vöxtur, stafræn þróun og fjölbreytileiki og trúir því að með þessum áherslum skapist auknið virði fyrir alla hagaðila og verðmætasköpun verði tryggð til framtíðar.

Félagið hefur sett fram stefnur og áætlanir sem styðja við sjálfbærni. Þær má nálgast á vefsíðu félagsins en þær varða m.a. jafnrétti, mannaud, persónuvernd, siðareglur og gæðamál og áætlun gegn einelti, kynbundinni og kynferðislegir áreitni. Nánar er gert grein fyrir helstu áhættuþáttum, mælikvörðum, árangri og markmiðum þessara efna í köflunum um umhverfisþætti, félagslega þætti og stjórnarhætti. Ölgerðin hefur ekki skilgreint hvaða áhrif félagið hefur á þessa sjálfbærniþætti (umhverfismál, félagslegir þættir og stjórnarhættir) en hefur skilgreint hvaða sjálfbærniþættir hafa áhrif á félagið.

Áreiðanleikakönnunarferli

Ölgerðin hefur skilgreint markmið og aðgerðir til þess að tryggja að sjálfbærnistefnu félagsins sé framfylgt. Stjórn félagsins samþykkir stefnuna en ábyrgðaraðili hennar er forstjóri Ölgerðarinnar. Sjálfbærniþing Ölgerðarinnar tryggir að stefnunni sé fylgt eftir, aðgerðaáætlun sé innleidd og að regluleg endurskoðun fari fram. Leiðtogi sjálfbærni og umbóta hefur umsjón með framkvæmd stefnunnar. Reglulega er fylgst með mælingum er tengjast sjálfbærni og árlega er gefin út sjálfbærnisýrsla sem er aðgengileg öllum hagaðilum, þar sem gerð er grein fyrir framvindu.

Ófjárhagslegar upplýsingar eru hluti af ársreikningi félagsins, til umfjöllunar hjá endurskoðunarnefnd Ölgerðarinnar og samþykktar af stjórn. Hvorki ófjárhagslegar upplýsingar né sjálfbærnisýrsla eru staðfestar af þriðja aðila.

Sjálfbærnisýrsla Ölgerðarinnar byggir á UFS leiðbeiningum Nadaq auk þess sem útreikningur loftlagsáhrifa er gerður í samræmi við Greenhouse Gas Protocol. Nánar er gerð grein fyrir helstu aðgerðum sem gripið hefur verið til í köflunum hér á eftir.

Umhverfismál

Ölgerðin hefur greint helstu umhverfisáhættuþætti er varða rekstur félagsins. Áhætta félagsins í loftlagsmálum er að mestu leyti tengd nýjum lögum og reglugerðum, t.d. ef einhverjar vörur verða ekki leyfðar eða há losunargjöld og háir mengunarskattar verða lagðir á. Einnig geta breytt viðhorf neytenda orðið að áhættu og þarf félagið að fylgjast með breyttum þörfum þeirra, t.d. hvað varðar sjálfbærar umbúðir. Á sama tíma geta mengunarmál ollið rekstraráhættu fyrir félagið.

Loftlagsmál

Til að takast á við áhættur vegna loftlagsmála, tekur Ölgerðin þátt í að ná loftlagsmarkmiðum Íslands um 40% minnkun kolefnisspors til 2030 og hefur skrifað undir yfirlýsingu um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Lykilmælikvarðar eru birtir hér að neðan, en þar er gert grein fyrir losun félagsins á umfangi 1, 2 og 3 og mótvægisáðgerðum. Markviss vinna félagsins hefur nú þegar skilað árangri því félagið hefur dregið úr kolefnisspori sínu frá rekstri (umfang 1 og 2) um 65% frá árinu 2016. Orkuskipti í framleiðslu, rafbilavæðing bílaflotans og bestun á leiðakerfinu eru meðal verkefna sem leitt hafa til þess að 87% af starfseminni notar endurnýjanlega orku. Árið 2016 var það hlutfall 60%. Ölgerðin hefur nú sett sér metnaðarfull markmið um að draga úr losun frá rekstri um 42% til viðbótar (umfang 1 og 2) og mæla og minnka umfang 3 árið 2030. Þá hefur Ölgerðin sett sér markmið um kolefnishlutleysi árið 2040 og 100% endurnýjanlega orku í starfsemi árið 2030. Markmið Ölgerðarinnar er hægt að sannreyna með vísindalegum samþykktum hætti og miðar að því að halda hlýnun jarðar innan við 1,5°C (e. Science Based Target („SBT“)).

	2016	2017	2018	2019	2020	2021
Umfang 1+2	3.190	2.739	1.956	1.621	1.485	1.118
Umfang 3					12.909	14.166
Mótvægisáðgerðir				1.390	1.150	1.314

Úrgangur og endurvinnsla

Ölgerðin hefur lagt áherslu á að umbúðir félagsins séu eins umhverfisvænar og kostur er til að mæta breyttum kröfum viðskiptavina. Helstu mælikvarðar hvað varðar umhverfisvænar umbúðir eru hlutfall endurnýts hráefnis í umbúðum og flokkunarhlutfall. Plastflöskur félagsins eru um 50% unnar úr endurunnu plasti, en félagið leitar að enn frekari umbótum. Þá eru flöskurnar um 5,5gr léttari en áður tíðkaðist, sem einnig minnkar kolefnisspor þeirra. Ölgerðin er einnig hluthafi í Endurvinnslunni hf., en örugg endurvinnsla umbúða af drykkjarvörum styður hið mikilvæga hringrásarhagkerfi. Ölgerðin hefur þá sett sér þau markmið að allar pakkningar sem notaðar eru fyrir eigin framleiðslu verði úr 60% endurnýttu hráefni árið 2030 og flokkunarhlutfall verði 99% sama ár.

	2016	2017	2018	2019	2020	2021
Hlutfall flokkað	74,5%	69,5%	74,4%	76,5%	79,1%	85,4%

Félagslegir þættir

Ölgerðin hefur greint helstu áhættuþætti er varða félagslega þætti. Þeir eru, vellíðan, heilsa og öryggi starfsfólks, gæði og öryggi vara og þjálfun og þekking starfsfólks. Einnig er mikilvægt að Ölgerðin hugi að mannréttindamálum og jafnrétti. Félagið mun vinna í að uppfæra áhættur er varðar félagslega þætti á komandi ári.

Vellíðan, heilsa og öryggi starfsfólks

Helstu verðmæti Ölgerðarinnar felast í mannauðnum og fylgst er með þróun starfsánægju með mælingum hlutlauss aðila og niðurstöður nýttar til úrbóta. Mælingarnar fara fram fjórum sinnum á ári. Einnig er fylgst með fjölda vinnuslysa og „næstum því slysa“. Metnaðarfullt markmið um að starfsánægja mældist yfir 85% árið 2021.

	2016	2017	2018	2019	2020	2021
Hlutfall starfsánægju	88,6%	72,4%	85,8%	85,2%	84,0%	86,2%

Stór þáttur í að starfsfólki líði vel við störf sín og að það vaxi og dafni innan félagsins er fræðsla og þjálfun, en Ölgerðin vinnur markvisst að því að þjálfa upp ábyrgt og metnaðarfullt starfsfólk, hvort sem um þjálfun nýrra starfsmanna eða endurmenntun er að ræða. Starfsfólki er boðið upp á heilsustyrki til niðurgreiðslu á kostnaði vegna líkamlegrar- eða andlegrar heilsu. Árlega er haldin heilsu- og öryggisvika til að efla vitund um mikilvægi góðrar heilsu. Ölgerðin er með samning við Heilsumvernd sem er viðurkenndur heildstæður þjónustuaðili á sviði heilsu- og vinnuverndar.

Hjá Ölgerðinni er stefna um slysalausan vinnustað. Til að tryggja öryggi starfsmanna á sem bestan hátt er félagið með fyrirbyggjandi fræðslu, öfluga nýliðaþjálfun, framúrskarandi tækjakost, öruggan aðbúnað og tryggt verklag til að reyna að koma í veg fyrir slysa. Hjá Ölgerðinni er starfandi öryggisnefnd sem tekur til umfjöllunar mál sem varða forvarnir, aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustaðnum. Haldið er utan um skráningar á slysum og „næstum því slysum“ og gerðar úrbætur í kjölfar tillagna.

	2016	2017	2018	2019	2020	2021
Fjöldi tilkynningarskyldra slysa	16	6	12	13	14	9

Jafnrétti og fjölbreytileiki

Ein megináhersla í stefnu félagsins er fjölbreytileiki og jafnrétti því það skapar fleiri hugmyndir og auðveldar greiningu á þörfum viðskiptavina. Áhætta felst í því að stefnu félagsins varðandi þessi mál verði ekki náð. Lykilmælikvarðar er varða kynjahlutfall í stjórn og launamun kynjanna má finna hér að neðan. Ölgerðin hefur sett sér það markmið að jafna hlutfall kynja í leiðtogahlutverkum og hópum, þ.e. aldrei hafa hærra hlutfall en 60% af einu kyni í stjórnunarstöðum árið 2030. Þar að auki er markmið Ölgerðarinnar að starfsfólk af erlendum uppruna fái aðstoð við starfsþróun og að unnið sé gegn staðalmyndum og minnihlutahópum á grundvelli kynferðis, aldurs, uppruna, o.fl. Markmið jafnréttisstefunnar er að stuðla að jafni stöðu alls starfsfólks og jöfnum tækifærum óháð kyni, aldri og uppruna, koma í veg fyrir ómálefnalegan launamun.

	2020	2021
Hlutfall kvenkyns stjórnarmeðlima	40%	40%
Niðurstaða jafnlaunavottunar	4,2%	1,2%

Mannréttindi

Ölgerðin vinnur eftir 10 grundvallarviðmiðum UN Global Compact sáttmálans og hefur skrifað undir yfirlýsingu þess efnis. Tvö viðmiðin snúa að mannréttindum; Félagið styður og virðir vernd alþjóðlegra mannréttinda og fullvissar sig um að gerast ekki meðsekt um mannréttindabrot. Ölgerðin framkvæmir birgjamat og setur þau skilyrði að fyrirtæki fari að öllum lögum og reglum í þeim löndum sem þau stunda viðskipti. Einnig gerir Ölgerðin þá kröfu að fyrirtæki hlífi öllum alþjóðlegum samþykktum um grundvallar mannréttindi svo sem Barnasáttmála SP (UN Convention on the Rights of the Child) og sáttmála ILO um rétt við vinnu (ILO Declaration on Fundamental Principles and Rights at Work).

Gæði og öryggi vara og ábyrgð gagnvart samfélagi

Ölgerðin hefur sett sér skýra stefnu um gæði vara og fylgir vottuðu gæðastjórnunarkerfi þar sem mikil áhætta felst í brestum vegna gæða vara fyrir félagið. Lykilmælikvarði er viðhald vottunar samkvæmt ISO 9001 og ISO 22000 stöðlunum. Ölgerðin hefur náð þeim markmiðum að halda í og efla gæðaimynd félagsins með því að tryggja að vörumeðhöndlun sé í samræmi við bestu þekktar aðferðir á hverjum tíma og að starfsemi sé í samræmi við lög og reglugerðir og uppfylli þær kröfur sem settar eru af viðskiptavinum og hagsmunaaðilum. Þá eru einnig til staðar viðbragðsáætlanir vegna veikinda eða annarskonar skaða sem neytendur geta orðið fyrir. Markmið Ölgerðarinnar er að viðhalda þróuninni er varðar að efla gæðaimynd félagsins áfram.

Ósiðferðleg markaðssetning og mikil óhollusta vara hefur slæm áhrif á orðspor Ölgerðarinnar. Því eiga auglýsingar og markaðsstarf Ölgerðarinnar að endurspeglar nútímalega sýn á jafnri stöðu kynjanna auk þess sem félagið hefur sett sér auglýsingastefnu er varðar börn þar sem lögd er áhersla á að ekki skuli birta auglýsingar sem höfða sérstaklega til barna yngri en tólf ára, birta markaðsnefni sem grefur undan áhrifavaldi foreldra og sýna börn við hættulegar aðstæður í kynningarefni. Þá hefur Ölgerðin lagt áherslu á markvissa vörubrúun í hollari valkostum til neytenda og fylgist því með magni sykurs á hvern seldan lítra. Á síðustu fimm árum hefur sykurmagn á hvern seldan lítra minnkað um 39% en markmið félagsins er að minnka sykur á hvern seldan lítra árið 2030 miðað við árið 2020.

	2016	2017	2018	2019	2020	2021
Sykurmagn pr seldan ltr	49	47	42	37	30	26

Stjórnunarhættir

Helstu áhættur félagsins er varðar stjórnunarhætti eru fólgnar í upplýsingaöryggi og öryggisbresti tölvukerfa. Þá er einnig falin rekstraráhætta í því að ákvörðunartaka stjórnar og annarra innan félagsins taki ekki mið af samfélagi eða umhverfi. Unnið verður í því á þessu ári að skilgreina fleiri áhættuþætti er varðar stjórnunarhætti, skilgreina árangur og setja markmið er varða þessa áhættuþætti.

Upplýsingaöryggi

Upplýsingakerfi félagsins eru rekin og hýst hjá viðurkenndum og vottuðum aðilum og eru afrit tekin af öllum gögnum samkvæmt skipulögðum verkferlum. Til að takast á við mögulega öryggisbresti hefur félagið tekið upp tvöfalda auðkenningu, fræðslu og skilgreint verklag um öryggisbresti. Eftirlitsferlar eru til staðar hjá félaginu sem tryggja öryggi og skilvirkni tölvukerfa þess en ekki er hægt að tryggja að ekki komi upp breistir í upplýsingatæknikerfum félagsins sem gætu haft neikvæð áhrif á rekstur þess, afkomu og orðspor. Félagið fylgir einnig persónuverndarstefnu.

Sjálfbærnistjórnun

Ölgerðin hefur sett sér metnaðarfull markmið um sjálfbærni í rekstri og er sjálfbærni lykilþáttur í ákvarðanatöku. Ölgerðin vinnur eftir viðmiðum Global Compact og skilar árlega inn framvinduskýrslu. Ölgerðin hefur mælt árangurinn og gefið út upplýsingar um umhverfismál, félagslega þætti og stjórnunarhætti (UFS) þess í sjálfbærnisráðgjöf reglulega. Aðra mælikvarða vegna umhverfisstjórnunar og stjórnarháttanna má finna í sjálfbærniuppgjöri 2021. Markmið Ölgerðarinnar er að halda áfram að skila inn upplýsingum um UFS þætti árlega og bæta skýrslugjöf eftir því sem við á.

Siðferði og aðgerðir gegn spillingu og mútum

Ölgerðin vinnur eftir siðareglum og stefnu gegn spillingu og mútum byggðum á gildum félagsins og gilda reglurnar fyrir allt starfsfólk, umboðsmenn og aðra sem koma fram fyrir hönd Ölgerðarinnar. Yfirstjórn og stjórnendum ber að sýna gott fordæmi og fylgja reglum í hvívetna ásamt því að kynna þær vel fyrir starfsfólki sínu. Allt starfsfólk skrifar undir siðareglur samhliða undirskrift ráðningarsamnings. Ölgerðin fylgir öllum lögum og reglum sem tengjast starfsemi félagsins.

Hafin er innleiðing á verklagsreglu um uppljóstrun starfsmanna og vernd uppljóstrara, lög nr. 40/2020. Þeirri vinnu mun ljúka á fyrri hluta árs 2022.